

Fylgiskjöl með kafla 2.

Frummatsskýrsla fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Fylgiskjal 2.1 Athugasemd Veiðifélags Langadalsárdeildar við drög að matsáætlun
Fylgiskjal 2.2 Athugasemdir Landssambands veiðifélaga við drög að matsáætlun
Fylgiskjal 2.3 Athugasemdir Veiðifélags Laxár á Ásum við drög að matsáætlun
Fylgiskjal 2.4 Athugasemd Verndarsjóðs villtra laxfiska við drög að matsáætlun
Fylgiskjal 2.5 Athugasemd Veiðifélags Langadalsárdeildar við tillögu að matsáætlun
Fylgiskjal 2.6 Athugasemdir Landssambands veiðifélaga við tillögu að matsáætlun
Fylgiskjal 2.7 Athugasemdir Fuglaverndar við tillögu að matsáætlun
Fylgiskjal 2.8 Athugasemd Haffjarðarár við tillögu að matsáætlun
Fylgiskjal 2.9 Athugasemd Verndarsjóðs villtra laxfiska við tillögu að matsáætlun
Fylgiskjal 2.10 Athugasemd Landeigenda Ármúla I og II við tillögu að matsáætlun
Fylgiskjal 2.11 Ábendingar Arctic Sea Farm við tillögu að matsáætlun

Veiðifélag Langadalsárdeildar,
Móholti 6, 400 Ísafirði.

Kennitala 670683-0609.

Ísafirði, 18. desember 2015.

**Skipulagsstofnun,
Laugavegi 166,
150 Reykjavík.**

Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.,
Hnífsdalsbryggju,
410 Hnífsdal.

Sjávarútvegsþjónustan ehf.,
Valdimar I. Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur,
Grandagarði 16,
101 Reykjavík.

Efni: Drög að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf. Athugasemdir Veiðifélags Langadalsárdeildar.

Inngangur:

Nú hefur verið lögð fram til kynningar matsáætlun frá Hraðfrystihúsinu Gunnvör hf., í Hnífsdal, fyrir áformaða framleiðslu Háafells ehf., á 6.800 tonnum á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Í raun er þetta aðeins breytt matsáætlun frá því fyrirtækið sótti um leyfi til framleiðslu á 6.800 tonnum af regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. „Ef þú réttir mér litlafingur þá tek ég alla höndina“.

Samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðherra árið 2004 (nr. 460/2004) er laxfiskaeldi óheimilt við Faxaflóa og Breiðarfjörð allt frá Reykjanestá að Látrabjargi. Einnig er slíkt eldi óheimilt við Húnaflóa, Skagafjörð, Skjálfandaflóa, Þistilfjörð og Vopnafjörð, en á þeim svæðum séu mikilvægar laxveiðiár.

Þarna er Vestfjarða ekki getið og er því nærtækast að ætla út frá því, að náttúra Vestfjarða og nytjastofnar á þessu svæði séu ekki þess virði að ástæða sé til að vernda strandlengju og firði þessa landssvæðis. Við vitum að af náttúrulegum aðstæðum er ekki grundvöllur fyrir sjókvíaeldi frá Reykjanestá og austur með suðurströndinni að minnsta kosti til Álftafjarðar og Hamarsfjarðar á Austfjörðum.

Það segir okkur að laxfiskaeldi í sjó verði hugsanlega aðeins leyft (stundað) við Ísland á Vestfjörðum, í Eyjafirði og frá og með Seyðisfirði til og með Álftafirði á Austfjörðum.

Þar sem að löggjafinn virðist nú hafa afmarkað þau svæði við strendur landsins, er fram megi fara eldi laxfiska í sjókvíum, þá gefur það auga leið að mikil aðsókn verður á þessi svæði, samfara mikilli mengun og óafturkræfum skaða á lífríki þessa staða og villtra stofna fiska, skeldýra og annarra sjávardýra.

Hér að neðan eru ítrekaðar áður fram komnar athugasemdir Veiðifélags Langadalsárdeildar við fyrirhugað laxfiskaeldi í Ísafjarðardjúpi.

Vestfirðir.

Nú þegar hafa verið veitt leyfi til sjókvíaeldis á laxi og regnbogasilungi og ræktun hafin í Patreksfirði, Tálknafirði, Arnarfirði og Dýrafirði. Einnig liggja óformleg leyfi fyrir kvíaeldi á regnbogasilungi í Önundarfirði og jafnvel Ísafjarðardjúpi.

Nú þegar hafa orðið sleppislys á laxi í Patreksfirði og veit enginn hversu mikið magn af laxi slapp þar úr kvíum á sínum tíma.

Ísafjarðardjúp er með stærri fjörðum á Íslandi og hefur fjöldann allan af innfjörðum. Í öllum þessum innfjörðum eru bergvatnsár, smáar og meðalstórar. Fullyrða má að í þessum ám öllum eru náttúrulegir stofnar laxfiska, það er lax, sjóbleikja og sjóbirtingur. Stundum aðeins ein þessara tegunda, en stundum fleiri og í mis miklu magni.

Helstu laxveiðiárnar á svæðinu eru Laugardalsá, Langadalsá og Hvannadalsá og hafa þær allar verið leigðar út til laxveiði í ára tug. Eins má geta Ísafjarðarár og Selár, en í þær ár hefur gengið nokkuð af laxi og silungi.

Lax og bleikja af náttúrulegum stofni er í öllum ánum og farið er að bera á sjóbirtingi í nokkrum þeirra nú síðari árin við hitnandi loftslag, en hér á árum áður var sjóbirtingur víða algengur í ám á Vestfjörðum.

Langadalsá og Hvannadalsá hafa einn sameiginlegan ós við Nauteyri og í þann félagsskap bætist einnig Þverá. Því þarf að reikna út meðalveiði allra þessara áa saman, ef tekin verður ákvörðun um leyfisveitingu og staðsetningu sjókvía í námunda við ósasvæðið þeirra. Tilvísun í reglugerð nr. 105/2000 með síðari breytingum 4. gr. ýmis ákvæði. **(Fjarlægð frá ós 15 km.)**

Fram hefur komið í leyfisumsóknum um laxeldi í sjó (t.d. frá Dýrfiski), að stundaðar séu seiðasleppingar með kynbættum seiðasleppingastofni í Laugardalsá og Langadalsá í Ísafjarðardjúpi. **Hér er um að ræða rangar staðhæfingar sem viðkomandi aðilar ættu að vita betur um og er einfaldast að vísa til reglugerðar nr. 105/2000 2. gr. 2.2. þar sem m.a. segir „Við fiskrækt í ám og vötnum skal sleppa seiðum af stofni viðkomandi veiðivatns.“ Við þessi ákvæði hefur verið staðið.**

Laxalús og mengun.

Það sníkjudýr er veldur hvað mestum usla við sjókvíaeldi laxfiska er laxalús, sem getur orðið gífurlegur skaðvaldur bæði fyrir eldisfisk, sem og stofna villtra laxfiska og þá ekki síst seiða þessara stofna er koma úr ferskvatni og ganga til sjávar til frekari þroska. Séu fiskeldiskvíar t.d. á gönguleiðum seiða getur laxalús tortímt þessum seiðum algjörlega.

Því hefur verið haldið fram, að laxalús fjölgi sér síður við kaldari aðstæður í sjó, en annað virðist vera að koma í ljós miðað við það sem frétt hefur frá Fjarðarlaxi, sem er með eldiskvíar í Patreksfirði, Tálknafirði og Arnarfirði. Talið er ljóst að með auknu umfangi á eldi laxfiska í sjókvíum og hækkun á sjávarhita aukast líkur þess, að laxalús geri vart við sig í auknu mæli á eldissvæðum.

Skipulagsstofnun telur nýjar upplýsingar um laxalús í sjókvíaeldi í Fossfirði í Arnarfirði gefa til kynna að laxalús virðist geta náð sér á strik við þær aðstæður sem ríkja í sjó á Vestfjörðum. Því er ekki raunhæft að útiloka útbreiðslu laxalúsar og annarra óværu í kjölfar eldis laxfiska í Ísafjarðardjúpi og hugsanleg áhrif þess á náttúrulega stofna.

Til að minnka skaða er laxalús getur valdið í sjókvíaeldi er notast við eiturefni til að drepa lúsina. Þetta eiturefni hefur jafnframt skaðleg áhrif á aðrar tegundir skeldýra svo sem rækju, krabba, kuðunga og skeljar og e.t.v. fleiri botndýr.

Mengun út frá sjókvíum vegna fóðrunar og úrgangs frá fiskinum getur og haft neikvæð áhrif á lífríkið á ákveðnum svæðum. Spurning er um hvort það verður varanlegt eða tímabundið meðan á eldi stendur á viðkomandi svæðum.

Áhrif á stofna villtra laxfiska.

Það er nokkuð ljóst að laxeldi í sjókvíum hefur haft áhrif á erfðaeiginleika villtra laxastofna. Slíkt er ekki afturkræft og getur á tiltölulega fáum árum gert út af við þá stofna, sem nú eru í veiðiám við Ísafjarðardjúp. Nærtækast er að vísa til reynslu í Noregi hvað þetta varðar, sem og í Rússlandi. Fjöldi laxa er þar hafa sloppið má telja í milljónum ef ekki tugum milljóna fiska.

Lokaorð.

Saga sjókvíaeldis á laxfiskum við strendur Íslands segir okkur að tjaldað hefur verið til einnar nætur og fyrirtæki lagt upp laupana í kjölfar annað hvort mikils skaða eigna, sjúkdóma og eða af fjárhagslegum ástæðum. Mýmörg dæmi sanna og sýna í Noregi, Rússlandi, Færeyjum, Írlandi og Skotlandi, að mengun og slyssleppingar verða ekki umflúnar hvað svo sem gert verður til að afstýra slíku. Veðurfar við Íslandsstrendur og innfjarða er á stundum slíkt að engu eirir.

Vísast m.a. til óveðurs er geisaði í Ísafjarðardjúpi í febrúar árið 1968, er þar fórust tveir breskir togarar og einn stór línubátur frá Bolungarvík og mannskaði var mikill. Sjókvíar hversu sterkar þær væru og vel frágengnar geta aldregi staðist álíka veður með stórsjó og ísingu.

Veiðifélag Langadalsár í Ísafjarðardjúpi mótmælir harðlega þeim áformum er uppi eru um stórfellt laxfiskaeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, er getur haft óafturkræfar afleiðingar fyrir villta laxfiskastofna í ám og vötnum á Vestfjörðum og víðar. Jafnframt mun slíkt eldi hafa neikvæð áhrif á hefðbundnar veiðinytjar í Ísafjarðardjúpi og valdið þeim sjómönnum er stundað hafa veiðar þar ómældum skaða og tekjumissi.

Ferðapjónusta á Vestfjörðum byggir nú og hefir byggt á hreinleika náttúru svæðisins og dýralífs. Stórfellt sjókvíaeldi með tilheyrandi sjónmengun fer ekki saman við þá uppbyggingu er verið hefur í þessari atvinnugrein.

Veiðifélag Langadalsárdeildar skorar á allar þær opinberu stofnanir er að þessum málum koma, að gangast fyrir því, að nú þegar verði Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir friðað fyrir sjókvíaeldi á laxfiskum, eins og gert hefur verið við stóran hluta strandlengju Íslands.

Of seint er trúlega að friða suðurfirði Vestfjarða, þar er skaðinn skeður, en draga mætti úr áhættunni með því að heimila ekki frekari leyfisveitingar þar.

Ísafjarðardjúp hefur verið nefnt „**Gullkistan**“ og það ekki af ástæðulausu. Fjölbreytni í lífríki þess bæði ofan- og neðansjávar er einstök á Íslandi. Strengjum þess heit að Ísafjarðardjúp haldi þeirri nafnbót vegna sjálfbærni sinnar og hreinleika, um ókomna framtíð.

F.h. Veiðifélags Langadalsárdeildar,
félags landeigenda að Langadalsá.



Þorleifur Pálsson, formaður stjórnar,
Litlakrika 76a, 270 Mosfellsbæ.
gstor@simnet.is, GSM 862-3811.

Afrit send:

Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu, Veiðimálastofnun
og Sjávarútvegsráðuneyti.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
Hnífsdalsbryggju,
410 Hnífsdal.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Efni: Drög að tillögu að matsáætlun Háafells ehf. fyrir 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Landssamband veiðifélaga hefur kynnt sér tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonnum af norskum laxi í Ísafjarðardjúpi og mótmælir áformum félagsins.

Landssambandið sér ekki ástæðu til að fjalla um einstaka þætti matsáætlunar HG á þessu stigi málsins, en mun gera viðeigandi athugasemdir verði frummatsskýrsla lögð fram til kynningar.

Þó er rétt að vekja athygli yðar á að í matsáætlun kemur fram að Hraðfrystihúsið Gunnvör er tilgreindur framkvæmdaraðili og er matsáætlun sett fram í nafni þess fyrirtækis. Þá kemur einnig fram í matsáætlun að „Nú hefur öll fiskeldisstarfsemin verið flutt undir Háafell“.

Háafell ehf. mun vera einkahlutafélag og annar og sjálfstæður lögaðili þótt það sé alfarið í eigu HG. Landssamband veiðifélaga telur augljóst að það samræmist ekki lögum nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum að framkvæmdaaðili sé annar en sá sem skal hafa framkvæmdina á hendi sem tekin er til mats.

Í lögskýringum með frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum er vísað til tilskipunar 85/337/EBE um orðskýringu á hugtakinu *framkvæmdaraðili*. Af tilskipuninni, eins og hún er uppfærð hinn 13. desember 2011 verður ekki ráðið að framkvæmdaraðili geti verið annar en sá er stendur fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og hefur hana með höndum. Af þessu leiðir að HG getur ekki verið framkvæmdaraðili í skilningi laga í matsferli þessu þar sem HG hyggst ekki lengur stunda þá starfsemi sem fyrirbyggjandi matsáætlun kveður á um.

Þá furðar Landssambandið sig á eftirfarandi ummælum sem fram koma í matsáætlun:

„Þar sem erfiðlega hefur gengið að fá heimild til að vera með eldi laxfiska í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi hefur verið tekin ákvörðun um að sækja fyrst um leyfi til eldis á regnbogasilungi. Þegar leyfi til eldis regnbogasilungs liggur fyrir mun verða sótt um leyfi til laxeldis í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi“.

Landssamband veiðifélaga bendir á að engu skiptir hvort fyrirtækið hafi áður sótt um eldi á regnbogasilungi og leggur áherslu á að fara verður með hina fyrirhuguðu framkvæmd sem nýja og með fullkomlega sjálfstæðum hætti. Engin skemmri skírni er hér í boði.

Það vekur athygli Landssambandsins að HG skuli hafa flutt sjókvíaeldisstarfsemi sína í óburðugt einkahlutafélag nú, þegar sótt er um leyfi til að ala norskan lax í sjókvíum svo nærri verðmætum laxveiðiám. Nærtækasta skýringin er sú að félagið sé að skjóta sér undan skaðabótakröfum sem munu rísa vegna þess umhverfistjóns sem starfsemin mun valda í nærliggjandi laxveiðiám og skylt er að bæta sbr. 3. mgr. 18. gr. 1. nr. 71/2008 um fiskeldi.

Þá telur Landssamband veiðifélaga rétt að upplýsa yður um að Landssambandið mun á öllum stigum máls þessa leitast eftir fremsta megni við að stöðva fyrirhugaða framkvæmd eldis á norskum laxi í Ísafjarðardjúpi. Mun Landssambandið leita atbeina dómstóla til að hnekkja útgáfu eldisleyfis ef svo ber undir.

Er hér með skorað á yður að falla frá fyrirhugaðri framkvæmd.

Virðingarfyllt,

Jón Helgi Björnsson form LV

Samrit sent Skipulagsstofnun



Póstsent og sent á netfang: hg@frosti.is

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
Hnífsdalsbryggju,
410 Hnífsdal.

18. desember 2015.

Háafell ehf.
Nauteyri
510 Hólmavík.

Efni: Drög að tillögu að matsáætlun Háafells ehf. fyrir 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Stjórn Veiðifélags Laxár á Ásum hefur kynnt sér framkvæmdina eins og henni er lýst í ofanefndum drögum og **mótmælir harðlega** fyrirætlunum um sjókvíaeldi Háafells ehf. á 6.800 tonnum af laxi í Ísafjarðardjúpi.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. (HG) hefur rekið sjókvíaeldi á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi, en hyggst nú láta dótturfélag sitt, Háafell ehf., yfirtaka fiskeldisstarfsemi HG og jafnframt breyta eldistegundinni úr regnbogasilungi í lax.

Stjórn Veiðifélags Laxár á Ásum gerir alvarlegar athugasemdir við þessa fyrirætlun og skulu hér á eftir raktar helstu ástæður mótmælanna:

1. Leyfi til sjókvíaeldis eru bundin við tilgreindan leyfishafa og því verður að líta á allar umsóknir nýs lögaðila sem nýtt sjókvíaeldi frá upphafi. Skiptir þá engu hvort fyrri leyfishafi og lögaðili sé hluthafi í eða eigandi að síðari umsóknaraðila. Ummæli í drögunum í málsgrein 1.1. um að öll fiskeldisstarfsemi HG hafi verið flutt undir Háafell virðast benda til óleyfilegrar starfsemi síðarnefnda félagsins.

Í því tilviki sem hér ræðir er annars vegar núverandi leyfishafi nokkuð stöndugt áratugagamalt útgerðarfyrirtæki (HG) með eigið fé í árslok 2014 upp á 8,3 milljónir evra, og hins vegar lítið dótturfyrirtæki stofnað 1999 með neikvætt eigið fé í árslok 2014 upp á 0,5 milljónir króna.

2. Miðað við 6.800 tonna eldi er kostnaður við 3 milljónir seiða, a.m.k. 8.200 tonn af fóðri, vinnulaun, kaup og rekstur á eldiskvíum og tilheyrandi búnaði og þjónustuskipum auk annars rekstrarkostnaðar varla undir 6-7 milljörðum króna. 30% eiginfjármögnun, sem skylt er að sýna fram á við umsókn um rekstrarleyfi nemur því 1,8 – 2,1 milljörðum króna. Ekki verður séð að eiginfjárstaða Háafells ehf. sé í námunda við þetta mark og reyndar ekki heldur eiginfjárstaða HG.
3. Regnbogasilungur af dönskum uppruna er varasöm framandi fisktegund í íslenskri náttúru, en norskur kynbættur eldislax er stórhættuleg framandi tegund í náttúru landsins. Breyting á þannig eldistegundum í sjókvíaeldi kallar óhjákvæmilega á nýtt umhverfismat og nýtt matsferli frá upphafi. Fyrri umhverfismat regnbogasilungseldis frá 1. apríl 2015 hefur mjög takmarkað gildi fyrir laxeldi.


Athugasemdir við einstök efnisatriði verða gerðar, ef og þegar frummatsskýrsla liggur fyrir. En hér skulu þó nefnd nokkur atriði, sem miklu skipta varðandi sjókvíaeldi á norskum eldislaxi í Ísafjarðardjúpi:

- a) Strokkfiskur er staðreynd í sjókvíaeldi, hversu vel sem kvíarnar eru úr garði gerðar, og fyrirséð að villtir laxastofnar verða í stórhættu eða þeim útymt á með erfðamengun, ef eldið nær fram að ganga. Vissulega með stórkostlegum skaðabótakröfum á hendur mengaranum, en verður slíkt tjón á náttúrinni nokkru sinni bætt?
- b) Fjarlægð eldisins frá Laxá á Ásum er aðeins um 200 km undan ríkjan réttsælis hringstraumi sjávar umhverfis landið. Slík fjarlægð er lítil hindrun fyrir stroklaxa og því er stofn árinna í stórhættu, ef fyrirhugað eldi nær fram að ganga.
- c) Laxeldi í Noregi hefur valdið stórbrotnu tjóni á laxveiðiám þar í landi (Anton 2001, Hinder & Diserud 2007). Þar eru nú yfir 100 laxveiðiár eyðilagðar til stangveiði vegna sjúkdóma, lúsafárs og erfðamengunar frá eldislaxi.
- d) Ekki liggur fyrir burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar. Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi eða starfsleyfi sbr. 8. og 11. gr. laga nr. 71/2008 nema fyrir liggja burðarþolsmat fyrir viðkomandi sjókvíaeldissvæði.
- e) Sjókvíaeldi með norskum laxi eins og hér er áformað er andstætt mörgum lagaákvæðum t.d. varúðarreglu 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sbr. 2. gr. laga nr. 109/2015 og 2. gr. sömu laga um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.

Einnig 1.mgr. 1. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008, þar sem segir m.a.: „Markmið laga þessara er að tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.“

HG er gamalt og gróið útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem ætti sóma síns vegna ekki að koma nærri stórkostlega náttúrumengandi starfsemi. Með framkvæmdinni er nánast öruggt að eignir og lífsviðurværi fjölda fólks sem tengjast stangveiði lagðar í rúst og af því mun leiða skaðabótakröfur á hendur þeim sem tjóninu valda. Skynsamlegast er fyrir HG að leggja nú þegar til hliðar allar fyrirætlanir um sjókvíaeldi á norskum laxi, sem óhjákvæmilega mun valda miklu tjóni á náttúrunni. Því er þess vænst, að framkvæmdin verði aflögð, áður en lengra er haldið.

F.h. stjórnar Veiðifélags Laxár á Ásum,



Páll Á Jónsson formaður VLÁ
Nesbala 78, 170 Seltjarnarnes
Fars. 858 6101 - laxa@laxa-a-asum.is

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
Hnífsdalsbryggju,
410 Hnífsdal.
kjg@frosti.is
valdimar@sjavarutvegur.is



18. desember 2015.

Efni: Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun Háafells ehf. fyrir 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna **mótmælir** alfarið fyrirætlunum Háafells ehf á 6,800 tonna laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi skv drögum fyrirtækisins þar um.

Ennfremur er gerð athugasemd við og því mótmælt að Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. (HG) sem rekið hefur sjókvíaeldi á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi, feli dótturfélagi sínu, Háafelli ehf., fiskeldisstarfsemina, hyggist breyta um eldistegund enda er leyfi til sjókvíaeldis bundið tilgreindum leyfishafa, því ber að líta á fyrirhugað eldi skv. ofangreindum drögum sem nýtt eldi frá nýjum rekstaraðila. Í drögunum segir: Í frummatsskýrslu og matsskýrslu vegna fyrirhugaðs eldis á regnboga og þorski kom þetta fram „Þar sem erfiðlega hefur gengið að fá heimild til að vera með eldi laxfiska í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi hefur verið tekin ákvörðun um að sækja fyrst um leyfi til eldis á regnbogasilungi. Þegar leyfi til eldis regnbogasilungs liggur fyrir mun verða sótt um leyfi til laxeldis í sjókvíum á Ísafjarðardjúpi.“ Þessi staðhæfing er sett fram af HG og virðist ekki eiga við í þessu samhengi.

Í lögum um fiskeldi nr.71/2008 er fjallað um að lögin eigi að tryggja verndun villtra nytjastofna og að leitast eigi við að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra. Reynsla bæði hér heima og t.d. í Noregi sýnir að eldisfiskur sleppur ávallt úr kvíum og hefur slíkt eldi nú þegar gjörspillt villtri náttúru í nágrannalöndum okkar. Í Noregi hefur laxeldið valdið ómældu tjóni, yfir 100 ár eru ónothæfar til stangveiði, aðallega vegna neikvæðra áhrifa frá laxeldi, vegna sjúkdóma, laxalúsar og erfðamengunar eins og sjá má í upplýsingum frá Vísindaráði Noregs. Ekki verður annað séð en að slík verði og raunin hér á landi.

Villtum stofnum er veruleg hættu af sjóeldi á laxi búin og fer það í bága við 2. gr náttúruverndarlaga sem fjallað er um að viðhalda fjölbreytni vistgerða, að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo virkni þeirra sé tryggð til framtíðar, að varðveita tegundir og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra. Í drögunum er gert ráð fyrir að notaður verði kynbættur norskur laxastofn. Margar lax og silungsár eru í næsta nágrenni við fyrirhugaðar eldiskvíar og er villtum stofnum þessara á virkileg hættu búin af stroklöxum m.a. vegna erfðamengunar.

Laxalús virðist ekki hafa verið verulegt vandamál í sjókvíaelði hér á landi, reyndar hefur ekkert eftirlit eða rannsóknir á laxalús hafa farið fram hér. Þó er ljóst að með vaxandi laxeldi, stækkun eldiskvína etc, verður laxalús mikið vandamál eins og annarstaðar þar sem fiskeldi er stundað í stórum stíl, en lýsnar eru hvað hættulegastar villtum fiskistofnum – til viðbótar við sjúkdóma sem geta magnast upp og smitast út í umhverfið frá fiskeldiskvíum. Laxa-, bleikju- og sjóbirtingsstofnar munu verða fyrir barðinu á lúsinni og mikil hættu er á að lúsafaraldrar muni valda stórfelldum skaða á stofnunum.

Úrræðin sem tiltæk eru til að halda lúsinni niðri eru notkun eitrefna sem hafa mikil neikvæð umhverfisáhrif. Í þessu sambandi má nefna að notkun þessara efna getur eyðilaggt rækjuveiðisvæði í fjörðum og haft eyðileggjandi áhrif á ýmsa nytjastofna. Í þessu sambandi skal hafa í huga að í Ísafjarðardjúpi hafa í áratugi verið afar gjöful og fengsæl rækjumið.

Sjá meðfylgjandi skýrslu frá University of Bergen.

Áhrifasvæði mengunar gætir ekki bara í Ísafjarðardjúpi en margar helstu laxveiðiár okkar eru í innan við 200 km fjarlægð frá þeim svæðum sem lýst er í drögunum. Norska hafrannsóknastofnunin fylgist með smitálagi á villta stofna laxfiska og sér á hverju ári fjölda svæða þar sem lúsinn ræðst á villtan fisk og dregur hann til dauða. Þetta er talin ein helsta ástæða þess að göngulaxi í norskar ár hefur fækkað um á að giska helming undanfarinn aldarfjórðung og að sjóbirtingurinn er í útrýmingarhættu. Í Noregi hefur laxeldið valdið ómældu tjóni, yfir 100 ár eru ónothæfar til stangveiði, aðallega vegna neikvæðra áhrifa frá laxeldi, vegna sjúkdóma, laxalúsar og erfðamengunar eins og sjá má í upplýsingum frá Vísindaráði Noregs. Ekki verður annað séð en að slík verði raunin hér á landi verði af eldi af þeim toga sem áætlanir eru uppi um.

Takmörkuð þekking er hér á landi varðandi innleiðingu og eftirfylgni við notkun staðalsins NS 9415. Ekkert liggur fyrir um hvernig staðið verður að innleiðingu staðalsins.


Í drögunum er fjallað val á nýjum búnaði og að allir netpokar uppfylli staðalinn NS9415 og að engar slysasleppingar hafi átt sér stað eftir að farið var að nota viðurkennda netpoka, þó fyrirhugað sé að taka upp nýjungar í búnaði er ekki sýnt að viðurkenndar niðurstöður sýni slíkar niðurstöður. Þar er einnig fjallað um pils sem lúsavörn sem hindri að stórum hluta að lúsaliður berist inn í kvíar. Slysasleppingar úr sjókvíum eru staðreynd eins og dæmin sýna hér heima og erlendis, síðast hér við land í Patreksfirði ekki fyrir löngu og lúsafaraldrar í sjókvíaeldi eru líka staðreynd.

Áhrif lúsarinnar eru ítrekuð í skýrslu norsku ríkisendurskoðunarinnar (<https://www.riksrevisjonen.no/en/Reports/Pages/aquaculture.aspx>) um áhrif fiskeldis á villta náttúru í Noregi. Á vegum ríkisstjórnar Noregs voru í haldnir neyðarfundir um hvað mætti gera til að vinna bug á lúsavandamálinu en ekki hefur tekist að finna neinar leiðir til úrbóta, sbr. hér:

<http://www.bt.no/nyheter/okonomi/Krisemote-om-lakselus-3233677.html>

Laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi stefnir villtum stofnum í heilbrigðu lífríki og vistkerfi í mikla hættu, um er að ræða áthættusama starfsemi í víðasta skilningi og er henni mótmælt. Þá liggur ekki fyrir burðaðpólsmat á Ísafjarðardjúpi.

Virðingarfyllst,



Orri Vigfússon, formaður

NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna

NORTH ATLANTIC SALMON FUND,

Skipholt 35, 105 Reykjavík, Iceland

Tel: + 354 568 6277 - Fax: +354 588 4758 - nasf@vortex.is

www.nasfworldwide.com

**Skipulagsstofnun,
Laugavegi 166,
150 Reykjavík.**

Mosfellsbæ 17. febrúar 2016.

**Efni: Tillaga að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í
Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf., (Hraðfrystihússins Gunnvarar hf.)**

Ísafjarðardjúp. – Perla til lands og sjávar.

Eldi laxfiska í sjókvíum við Ísland.

Stór hluti strandlengju og fjarða Íslands er nú friðaður fyrir eldi laxfiska í sjókvíum. Um er að ræða Faxaflóa, Breiðarfjörð, Húnaflóa, Skagafjörð, Skjálfandaflóa og Norðausturland. Önnur þau svæði er hentað gætu til sjókvíaeldis og eru ekki friðuð eru Vestfirðir, Eyjafjörður og Austfirðir. Öll suður- og suðausturströnd landsins hentar ekki til sjókvíaeldis af náttúrulegum aðstæðum.

Mikil ásókn er þar af leiðandi í að fá leyfi til sjókvíaeldis á regnbogasilungi og norskum erfðabreyttum laxi í fjörðum Vestfjarða og hafa suðurfirðirnir nú þegar verið teknir undir slíkt eldi. Nú liggja fyrir hjá ríkisstofnunum umsóknir aðila er vilja hefja eldi á regnbogasilungi og erfðabreyttum norskum laxi í Ísafjarðardjúpi.

Þar á meðal er tillaga að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf., sem er í 100% eigu Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., Hnífsdal.

Það er ekki af ástæðulausu að stór hluti strandlengju Íslands hefur verið friðaður fyrir slíku eldi, þar sem sannað er að erfðabreyttur norskur lax getur gert útaf við náttúrulega íslenska stofna laxfiska. **Ekki er spurning um hvort slysasleppingar verði, heldur hversu mikill fjöldi laxa sleppur er það gerist. Dæmi Patreksfjörður.**

Í flestum ám við Ísafjarðardjúp eru stofnar laxa og silungs er gengur úr og í ferskvatn og sjó. Helstur laxveiðiárnar eru Laugardalsá, Langadalsá og Hvannadalsá, en einnig eru náttúrulegir laxastofnar í Ósá í Bolungarvík, Ísafjarðará í Ísafirði og Selá er rennur um Skjaldfannadal.

Hvers á náttúra Ísafjarðardjúps að gjalda, er hún ekki þess virði að vernda beri hana jafnt sem önnur svæði við strendur Íslands ??

Er ekki nóg komið að taka suðurfirði Vestfjarða undir sjókvíaeldi laxfiska ??

Það verður ekki fram hjá því litið, að með sjókvíaeldi laxfiska fylgir veruleg mengun, bæði hvað varðar vegna úrgangs frá fiski og fóðri, sem og frá eiturefnum er notuð eru vegna óværu við eldiskvíar, eins og laxalúsar.

Ísafjarðardjúp hefur verið nefnt „Gullkistan“ og ekki af ástæðulausu því þaðan hefur borist björg í bú svo öldum skiptir. Fiskgengd hefur tíðum verið veruleg í Ísafjarðardjúpi og rækjuveiðar verið stundaðar áratugum saman þótt minna hafi verið af rækju nú síðari ár. Með betri veiðislóðum fyrir rækju eru í námunda við áætlaðar staðsetningar eldiskvíá svo sem í Skötufirði og Ísafirði.

Fuglalíf er einstaklega fjölbreitt í Ísafjarðardjúpi og má þar nefna t.d. lundabyggðir og nytjar af æðarfugli. Áætluð staðsetning eldissvæða eru í námunda við eyjarnar Vigur, Borgarey og Æðey, þar eru nýtt æðarvörð, sem og í Hrútey og Þernuvík í Mjóafirði.

Hætta er á að notkun eiturefna við sjókvíaeldið komi til með að hafa áhrif á ætisstofna æðarfugla og annarra sjófugla á svæðinu og e.t.v. valdið hruni þeirra með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og tekjumissi margra einstaklinga er t.d. nytja æðarvörpin.

Aukist hefur að hvalategundir eru farnar að sækja í Ísafjarðardjúp og því tengdu má gera ráð fyrir að hvalaskoðun ferðamanna fari að aukast og þar með skapast atvinna. Þessi aukning hvala getur jafnframt skapað meiri hættu á að sjókvíar verði fyrir skemmdum af þeirra völdum.

Í Ísafjarðardjúpi eru selir í hundraða vís og t.d. má á stundum sjá tugi sela á skerjum við Hvítanes í Skötufirði, innan Ögurhólma og í kring um Reykjanes. Við þessa staði stoppa daglega ferðamenn svo tugum skiptir og taka myndir. Selir geta valdið skemmdum á eldiskvíum og eru dæmi þess frá fyrri tíð í Ísafjarðardjúpi.

Sjóstangveiði af smábátum hefur einnig aukist verulega á seinni árum á Vestfjörðum og hefur töluverður fjöldi fólks við Ísafjarðardjúp atvinnu sína af þeirri grein yfir sumartímann.

Mengun og sjónmengun frá ótöldum fjölda eldiskvíá í Ísafjarðardjúpi, ef af verður, mun spilla fyrir áframhaldandi þróun og vexti slíkra greina.

Vetrarveður á Íslandi geta verið slík að við þau ræður enginn mannlegur máttur. Í Ísafjarðardjúpi verða slík norðan veður með tilheyrandi sjógangi og ísingu að engu eirir. Fjöldi skipa og báta hafa farist í slíkum veðrum og engar sjókvíar standast það sem þá á gengur. Versta veður er undirritaður man eftir gekk yfir í febrúar 1968, er breskur togari fórst og tveir aðrir strönduðu og stór línubátur fórst einnig. Mikill mannskaði var í þessu veðri.

Miðað við reynslu íslendinga af sjókvíaeldi laxfiska má sjá að flest ef ekki öll fyrirtæki í þessari grein hafa lagt upp laupana eftir fárra ára rekstur og aðeins skilið eftir skaðann einn.

Framtíðin í laxeldi á Íslandi er að ala laxinn í lokuðum kerum við land eða á landi.
Norska laxeldisfyrirtækið Eco Farms hefur t.d. náð að lækka framleiðslukostnað verulega með landeldi eða allt að 25%. Afföll af laxi í sjókvíum eru að meðaltali allt að 20%, en í lokuðum kerum á eða við land verulega minni.

Við Ísafjarðardjúp höfum við slíkar aðstæður, að öflug fyrirtæki á svæðinu með stórhuga framtíðarsýn geta gert hluti í fiskeldi í kerum á eða við land svo sómi verður að og öðrum til eftirbreytni.

Veiðifélag Langadalsárdeildar mótmælir harðlega öllum áformum um eldi á laxfiskum í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi og áskilur sér allan rétt til skaðabóta ef leyfi verða veitt.

Friðum Ísafjarðardjúp og Jökulfirði fyrir sjókvíaeldi á laxfiskum, eins og gert hefur verið við stóran hluta strandlengju Íslands.

Virðingarfyllst,

Þorleifur Pálsson, formaður
Veiðifélags Langadalsárdeildar.
gstor@simnet.is.

Hjálagt.


Bréf til Skipulagsstofnunar dagsett 18. desember 2015
um sama efni.

Afrit send.

Fiskistofu.
Hraðfrystihúsinu Gunnvör hf.
Landssambandi veiðifélaga.
Sjávarútvegsráðuneyti.
Umhverfisstofnun.
Veiðimálastofnun.



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík



Reykjavík 23. febrúar 2016

Efni: Tillaga að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Athugasemdir Landssambands veiðifélaga.

Forsaga

Í máli þessu liggur fyrir að fyrirtækið Hraðfrystihúsið Gunnvör tilkynnti fyrirhugaða framkvæmd um 7000 tonna eldi á regnbogasilungi eða laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi til Skipulagsstofnunar síðla árs 2011. Í laxeldinu var ætlunin að nota kynbættan eldisstofn sem fluttur var inn frá Noregi á níunda áratug síðustu aldar. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að fyrirhuguð framkvæmd skyldi undanþegin umhverfismati. Sú ákvörðun hlaut kærumeðferð fyrir Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála. Niðurstaða nefndarinnar var sú að hin kærða ákvörðun Skipulagsstofnunar var felld úr gildi. Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram að kvíasvæðin séu utan netlaga og því ekki skipulagsskyld samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Af þeim sökum varð niðurstaða nefndarinnar að

„við þessar aðstæður er alveg sérstök ástæða til að huga að mögulegum sammögnunaráhrifum fyrirhugaðs eldis með öðrum framkvæmdum á svæðinu, hvort sem um er að ræða fiskeldi eða aðra starfsemi. Verður ekki fallist á að aðeins beri að horfa til áforma um fiskeldi sem séu fastmótuð og útfærð og hafi rekstrarleyfi heldur telur úrskurðarefndin að líta beri til annarra þekktra áforma um fiskeldi á svæðinu, sem eru sambærileg umdeildum áformum HG hvað það varðar að fyrir þeim sé ekki rekstarleyfi.“

Þá vísar nefndin í úrskurði sínum til þess að við meðferð málsins beri að líta til alþjóðlegra reglna umhverfisréttar um varúðarnálgun og varúðarreglu sem nú hefur verið lögfest í nýjum náttúrverndarlögum l. nr. 60/2013 sbr. 8.-10. gr. laganna.

Ennfremur tekur nefndin fram í úrskurði sínum að „skortur á grunnþekkingu eins og hér er lýst eigi ekki að leiða til þeirrar niðurstöðu að framkvæmd teljist ekki matsskyld. Er slík niðurstaða í andstöðu við reglur alþjóðlegs umhverfisréttar um varúðarnálgun og varúðarreglu sem nefndin telur að líta beri til, en til þeirra er vísað í alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að“.

Í desember s.l. lágu fyrir til kynningar drög að matsáætlun HG vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar eldi á 6.800 tonnum af laxi á heimasíðu fyrirtækisins. Í matsáætlun kom fram að Hraðfrystihúsið Gunnvör sé framkvæmdaaðili þótt öll fiskeldisstarfsemi hafi verið flutt í einkahlutafélagið Háafell. Í fyrirbyggjandi tillögu hefur sú breyting nú orðið að Háafell ehf. er skráður framkvæmdaaðili.

Landssamband veiðifélaga mótmælti fyrirhugaðri framkvæmd HG bréflaga hinn 18. sama mánaðar og var samrit sent Skipulagsstofnun.

Í sjókvíaeldi á Íslandi er notaður norskur laxastofn sem fluttur var til landsins á níunda áratug síðustu aldar. Á þeim tíma voru ekki tiltækar upplýsingar um erfðasamsetningu laxastofna við Atlantshaf. Jón Helgason þáverandi landbúnaðarráðherra skipaði nefnd sem í sátu fulltrúar allra hagsmunaaðila ásamt Veiðimálastjóra, sem setja skyldi reglur um meðferð norska laxastofnsins í laxeldi á Íslandi. Nefndin varaði við hættum vegna mögulegra sjúkdóma og þó sérstaklega mögulegri hættu af erfðamengun íslenskra laxastofna, yrði um stofnablöndun að ræða við hinn innflutta laxastofn. Í nefndinni varð skýrt samkomulag um að einungis mætti nota norska laxastofninn til eldis í landstöðvum en ekki mætti setja hann í sjókvíar við strendur landsins. Undir þetta samkomulag rituðu allir nefndarmenn, að meðtöldum þáverandi formanni Fiskeldis-og hafbeitarstöðva og Veiðimálastjóra sem var fulltrúi stjórnvaldsins í nefndinni.

Landssamband veiðifélaga telur að hin fyrirhugaða framkvæmd, sem nú er tilkynnt af einkahlutafélaginu Háafelli, sé gróft brot á þessu samkomulagi þar sem nú er ætlun Háafells ehf. að setja norska laxinn í sjókvíar í sama fjörð og laxveiðiár með náttúrulega laxastofna falla til sjávar.

Um eldisstofn og eldisaðferðir

Við mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis við Ísland verður að líta til þess að í eldinu er notaður frjór innfluttur norskur laxastofn. Laxstofninn hefur verið kynbættur til notkunar í eldinu. Kynbæturnar, sem staðið hafa um rúmlega 30 ára skeið, hafa eðlilega breytt eiginleikum norska laxins frá því að stofninn var villtur og upphaflega tekinn til laxeldis. Ekki er í tillögu að matsskýrslu fjallað um þennan þátt málsins. Þá hefur þessu til viðbótar verið leitt í ljós með rannsóknum að norskur villtur laxinn er svo fjarskyldur íslenskum laxastofnum að Erfðanefnd landbúnaðarins hefur í áliti sínu flokkað hann sem framandi stofn í íslenskri náttúru. Svara þarf í matsskýrslu spurningum um þol laxastofna í ám við Ísafjarðardjúp gagnvart erfðablöndun norskra strokulaxa. *Engin umfjöllun er um þetta atriði í fyrirliggjandi tillögu að matsáætlun. Landssamband Veiðifélaga telur nauðsynlegt að fjallað verði ítarlega um framangreint í áliti Skipulagsstofnunar með vísan til reglunnar um varúðarnálgun og varúðarreglunnar, sem nú er lögfest í íslenskum rétti.*

Víða um heim er nú vaxandi krafa um að eldi á laxi í sjó fari fram í lokuðum kerfum. Slík framleiðsla er bæði umhverfisvænni og fer betur með eldisdýrin. Sjúkdómahætta er lágmörkuð sem og hætta á stroki laxa úr eldisrými. Þá smitast eldisdýr ekki af laxalús við slíkar aðstæður. Vegna viðkvæmrar staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar í námunda við laxveiðiár telur Landssambandið nauðsynlegt að gerður verði ítarlegur samanburður á eldi í sjókvím annarsvegar og og eldi lokuðum kerfum hinsvegar í matsskýrslu.

Í Noregi er nú komin reynsla á sjókvíaeldi á laxi. Reglur þar kveða á um að ekki megi nota aðra laxastofna til eldis í sjókvím en norska. Þrátt fyrir strangar reglur er nú svo komið, samkvæmt DNA greiningu, að stærri hluti laxastofna norskra laxveiðiaá er orðinn mengaður af eldislaxi. Umræða um þessa hættu er nú vaxandi í Noregi og í nýrri skýrslu NINA, þarlendri systurstofnun Veiðimálastofnunar, kemur fram að aðeins 35% laxastofna í norskum ám er laus við erfðamengun eða genabreytingu af völdum eldislaxa. <http://www.nina.no/Aktuelt/Nyhetsartikkel/ArticleId/3984>. Af þessu má ráða að 6800 tonna framleiðsla á frjóum norskum laxi í sjókvím í Ísafjarðardjúpi jafngildir yfirvofandi hættu á umhverfistjóni í nærliggjandi ám með tilheyrandi skaða fyrir eigendur veiðiréttar á svæðinu.

Geldstofn.

Hjá Fyrirtækinu Stofnfiski er nú þekking til að framleiða geldan (þrílitna) laxastofn. Hrogn af geldstofni eru framleidd hjá fyrirtækinu og nokkurt magn er nú flutt út til Noregs.

Norðmenn hafa sett reglur sem um að leyfa aðeins notkun geldstofna í laxeldið á afmörkuðum svæðum sem viðbót við það eldi sem fyrir er vegna hættu á umhverfistjóni.

Landssamband veiðifélaga telur mikilvægt að fjallað verði ítarlega um þennan þátt málsins í matsskýrslu framkvæmdaraðila og í álit Skipulagsstofnunar verði tekin afstaða til þess hvort aðeins skuli leyfa ófrijóan lax í fyrirhugaðri framkvæmd Háafells ehf.

Sammögnunaráhrif

Í fyrirbyggjandi tillögu að matsáætlun kemur ekki fram að fyrirhugað sé að fjalla með neinum hætti um sammögnunaráhrif framkvæmdarinnar eins og skylt er sbr. fyrirbæli í III. viðauka laga nr. 106/2000.

Í niðurstöðu Úrskurðarnefndar um umhverfis-og skipulagsmál er sérstaklega vikið að þeim þætti í matsferli.

Það er skýr niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að í matsskýrslu sé hugað að mögulegum sammögnunaráhrifum fyrirhugaðs eldis með öðrum framkvæmdum á svæðinu. Gildir þá einu hvort leyfi er fyrir framkvæmdum, eða þær fyrirhugaðar. Á Vestfjörðum eru nú áform um mikla aukningu á sjókvíaeldi. Verði þau áform að veruleika er ljóst að gríðarlegt magn seiða verður sett í sjókvíar á svæðinu, eða svo nemur tug eða tugum milljóna laxa. Í fyrirbyggjandi tillögu er ekki að finna umfjöllun um umfang sjókvíaeldis á Vestfjörðum, ásamt fyrirbyggjandi áformum um stækkum þess. Þær upplýsingar eiga að liggja fyrir í matsskýrslu, svo Skipulagsstofnun geti byggt álit sitt á varúðarreglunni eins og skylt er.

Brýnt er á þessu stigi að mat á heildarálagi fari fram sbr. fyrirbæli 10. gr. I nr. 60/2013. Slíkt mat mun þá leiða í ljós þá hættu sem laxastofnum í ám á Vestfjörðum, Vesturlandi og Húnavatnssýslum stafar, af svo umfangsmikilli eldisstarfsemi. Engar upplýsingar liggja fyrir um farleiðir laxa sem sleppa úr kvíum á Vestfjörðum eða hvar þeir halda til í hafi. Nauðsynlegt er að slíkra upplýsinga sé aflað og þær liggi fyrir í matsskýrslu þegar fjallað verður um sammögnunaráhrif framkvæmdar Háafells ehf., eins og skylt er samkvæmt úrskurði nefndarinnar.

Landssamband veiðifélaga gerir því þá kröfu á þessu stigi málsins að slíkra upplýsinga verði aflað og þær komi fram í matsskýrslu. Vísað er til b. liðar 10. gr. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Einnig er vísað til niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar um að ekki megi byggja ákvarðanir stjórnvaldsins við meðferð máls á skorti á grunnþekkingu. Er vísað til reglunnar um varúð og varúðarnálgunar í þessu sambandi.

Slyasleppingar

Í fyrirbyggjandi tillögu að matsskýrslu er engin haldbær umfjöllun um þá hættu á erfðamengun sem 6.800 tonna ársframleiðsla á norskum laxi í sjókvíum hefur í för með sér fyrir villta laxastofna á svæðinu. Mikil umræða hefur orðið um þennan þátt málsins á undanförunum árum.

Mikil átök urðu um og eftir árið 2000 þegar ljóst var að ráðherra hugðist ekki standa við samkomulag aðila frá 1988 og heimila sjókvíaeldi á innflutta norska laxastofninum í blóra við undirritað samkomulag hagsmunaaðila og stjórnvalda þar um. Þá var því haldið fram af hálfu forsvarsmanna sjókvíaeldisins að villtum laxastofnum stafaði ekki hættu af þessari starfsemi. Þau rök voru einkum sett fram af þeirra hálfu að laxeldisbúnaður væri nú svo traustur að ekki væri hættu á að laxar slyppu úr kvíum. Þá var því einnig haldið fram, að vegna kynbóta yrði laxinn ekki kynþroska og myndi því ekki leita í ferskvatn til hrygningar. Laxinn myndi einfaldlega fara til sjávar og hverfa þar. Þetta eru hin sömu rök og notuð voru af forvígismönnum minkaeldis fyrir rúmri öld síðan.

Alkunna er að raunin í þeim efnum er nú óafturkræf skaðleg umhverfisáhrif á náttúruna sem ekki hefur tekist að ráða við þrátt fyrir að miklum fjármunum hafi verið kostað til úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Nú er komin nokkur reynsla á þessar innistæðulausu fullyrðingar sjókvíaeldismanna. Nærtækasta dæmið er umhverfisslysið þegar norskur eldislax slapp úr sjókvíum fyrirtækis í Patreksfirði haustið 2013. Fyrirtækið tilkynnti Fiskistofu um 200 laxa slyssleppingu úr sjókví.

Það var svo sumarið eftir að lax fór að veiðast á stöng við ós Kleifaár í Patreksfirði. Ekki er vitað með vissu hversu margir laxar veiddust en skráðir veiddir laxar reyndust a.m.k. tvöfalt fleiri en fyrirtækið tilkynnti að sloppið hefðu úr kvínni. Þá hækkaði fyrirtækið töluna í 500.

Veiðimálastofnun rannsakaði 43 eldislaxa sem veiddir voru og allir voru þeir með stækkandi kynkyrtla og tilbúnir til hrygningar haustið 2014.

http://veidimal.is/default.asp?sid_id=22185&tre_rod=001|001|007|&tId=2&fre_id=190074&meira=1.

Í ágúst 2003 sluppu 2.900 laxar af norskum uppruna þegar sjókví, sem lax var geymdur í, rifnaði við höfnina í Neskaupstað. Yfir 100 laxar komu fram í ám á Austurlandi þá um haustið. http://www.veidimal.is/files/Skra_0012485.pdf.

Þarna komu strax fram vísbendingar um að fjarlægð frá sleppistað veitir mjög takmarkaða vernd gegn innrás stökulaxa úr sjókvíaeldi í laxveiðiá enda komu eldislaxar fram í ám á svæðinu allt frá Breiðdal til Vopnafjarðar.

Í Mjóafirði var fyrirtækið Sæsilfur hf. með umfangsmikið sjókvíaeldi á laxi á síðasta áratug. Allur búnaður var traustur og eftirlit var sagt til fyrirmyndar. Í eldið var notaður hinn norsk laxastofn. Fyrirtækið hætti rekstri í kjölfar áfalla í eldinu árið 2007. Fyrirtækið tilkynnti aldrei um að laxar hafi sloppið úr kvíum. Nú ber svo við að eyðijörð auglýst til sölu við Mjóafjörð og hefur verið á söluskrá um nokkurra ára skeið. Hlunnindum jarðarinnar í söluskrá er lýst svo: *sjóstangaveiði í firðinum og veiðist þar t.d. þorskur, silungur og stundum lax*. <http://fasteignir.visir.is/property/5745>.

Af þessu verður aðeins ráðið að svo mikið af laxi hefur verið í lausagöngu í firðinum að hann hefur tekið agn veiðimanna þótt ekki sé vitað til að í Mjóafirði sé um farleið laxa að ræða. Landssamband veiðifélaga vill í þessu tilviki láta fyrirtækið njóta vafans og dregur því þá ályktun af framgreindu að laxinn hafi sloppið úr sjókvíum í Mjóafirði án vitneskju starfsmanna þess. Slík tilvik þarf því einnig að hafa í huga við mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis á laxi.

Helstur laxveiðiárnar við Ísafjarðardjúp eru Laugardalsá, Langadalsá og Hvannadalsá, en einnig eru náttúrulegir laxastofnar í Ósá í Bolungarvík, Ísafjarðará í Ísafirði og Selá sem rennur um Skjaldfannadal. Þá veiðist silungur í fjölmörgum ám á svæðinu. Ekki hefur verið gerð ítarleg úttekt á silungsveiði á svæðinu en Veiðimálastofnun vinnur nú að skráningu veiðihlunninda á Vestfjörðum. Landssambandið telur nauðsynlegt að fjallað verði í matsskýrslu um áhrif þess á silungsstofna sem fyrir eru ef eldislax hrygnir í silungsveiðiám.

Laxastofnar í ám við Ísafjarðardjúp eru ekki stórir og því viðkvæmari fyrir innstreymi eldislaxa en ella. Landssambandið telur að af þessum sökum sé nauðsynlegt að beita sérstakri varúðarnálgun þegar fjallað er um svo umfangsmikið sjókvíaeldi á svæðinu eins og fyrirbyggjandi matstillaga gerir ráð fyrir. Lögð er áhersla á að skylt er samkvæmt lögum að vernda lífríkið og þar með stofngerð laxa í ám. Verður gerð nánari grein fyrir lagaákvæðum þar um síðar.

Mótvægisáðgerðir vegna umhverfistjóns af völdum stökulaxa

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsskýrslu er ekki að finna umfjöllun um mótvægisáðgerðir vegna stökulaxa í eldinu sem munu leita upp í laxveiðiár við Ísafjarðardjúp.

Ekki hefur verið rannsakað til hlítar hvort eldislax af norskum uppruna er þegar að finna í íslenskum ám. Undanfarin ár hefur sú aðferð að sleppa veiddum laxi rutt sér til rúms í stangveiði á Íslandi. Erfitt getur verið að aðgreina laxa sem sleppa úr kvíum. Þá gengur eldislax í árna síðsumars, gjarnan eftir veiðitíma.

<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Fiskeldisskyrsla-2014.pdf>. (sjá kafla 4.3 vöktun).

Í kafla 5.3.3 í sömu skýrslu er fjallað um viðbragðsáætlanir vegna slysasleppinga. Landssamband veiðifélaga telur að þær aðgerðir í veiðiám sem þar eru til tilgreindar séu hvorki framkvæmanlegar né ásættanlegar sé tekið mið af hagsmunum veiðiréttareigenda og/eða umhverfisástandum. Reynslan af slysasleppingunni í Patreksfirði 2013 sýndi svo ekki varð um villst að netaveiðar við sjókvíar, eftir að fiskur sleppur, skila hverfandi árangri. Slysasleppingar úr sjókvíum framkvæmdaraðila munu því hafa mikil og neikvæð umhverfisáhrif á veiðiár við Ísafjarðardjúp.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur Landssamband veiðifélaga nú áherslu á mikilvægi þess að í endanlegri matsskýrslu framkvæmdaraðila verði ítarlega fjallað um hættu á erfðamengun af fyrirhugaðri framkvæmd. Slík umfjöllun taki mið af upplýsingum sem þegar liggja fyrir í kjölfar þeirra atburða sem að framan greinir. Einnig verði með sama hætti fjallað um mótvægisáðgerðir og viðbragðsáætlanir framkvæmdaraðila við slysasleppingum. Í þessu sambandi er aftur vitnað til þeirrar alvarlegu þróunar sem nú á sér stað í Noregi og fram kemur í áður tilvitnaðri skýrslu stofnunarinnar NINA.

Laxalús

Laxalús er viðvarandi umhverfisvandamál í laxeldi. Eldiskvíar framkvæmdaraðila eru staðsettar í farleið laxaseiða úr ám við Ísafjarðardjúp til sjávar. Lúsafaraldur samhliða eldi Háafells mun því valda afföllum á villtum laxaseiðum. Þá mun villti laxinn bera með sér laxalús þegar hann kemur úr hafi og allt kann þetta að valda smitmögnun hjá framkvæmdaraðila til tjóns á laxastofnum í ám við Ísafjarðardjúp.

Landssamband veiðifélaga telur nauðsynlegt að fjalla ítarlega um dreifingu laxalúsar frá svo umfangsmiklu laxeldi líkt og fyrirhugað er af hálfu framkvæmdaraðila. Þar komi meðal annars fram breytilegur líftími laxalúsar í hafi og dreifing m.v. hitastig sjávarins. Alkunna er að eftir því sem laxalúsinn lifir lengur í hafi stækkar útbreiðslusvæði hennar með straumum.

Hafís

Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að fiskeldismannvirkjum framkvæmdaraðila er mikil hættu búin vegna Hafís. Er þar bæði um hættu af rekis og lagnaðarís að ræða. Árið 2004 var Borgarísjaki á reki í mynni Ísafjarðar. Í janúar 2007 rak hafís inn á Vestfirði í miklu magni. Hafísar eða kuldaskið er ekki skilyrði þess að hafís reki inn á Ísafjarðardjúp. Þar ráða ríkjandi vindáttir meiru sjá: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=58095>.

Nú eru veðurfræðingar sammála um að hlýindaskeið undanfarinna ára sé á enda hér við land og við taki kaldari ár. Þessar breytingar í veðri kunna að hafa áhrif á ríkjandi vindáttir og auka með því hættuna á hafískomu líkt og var fyrir hlýindaskeið sem nú er að baki.

Ekki þarf að fjölyrða um afdrif fyrirhugaðra laxeldismannvirkja í Ísafjarðardjúpi ef djúpið fyllist af hafís.

Engar mótvægisáðgerðir eða viðbragðsáætlanir geta tekist á við ofurkrafta náttúrunnar við þær aðstæður.

Velferð eldisdýra

Í fyrirliggjandi matsáætlun er ekki fjallað um velferð eldisdýra með hliðsjón af umhverfisaðstandum á eldisstað. Vestfirðir þóttu hér áður ekki tækir til laxeldis í sjó vegna sjávarkulda vetrum og annarra veðurfaraðstandna. Það er mál veðurfræðinga að hlýindaskeið

sem verið hefur undanfarna áratugi sé nú á enda og við taki kaldara tímaskeið. <http://www.ruv.is/frett/nytt-kuldaskaid-i-startholunum>.

Öll umræða um laxeldi í Vestfjörðum hefur undanfarin ár byggst á bjartsýni um að sjór fari þar hlýnandi og skapi þar með tækifæri í framtíðinni sem ekki voru fyrir hendi fyrir fáum árum síðan.

Sögu laxeldis á Íslandi eru gerð góð og ítarleg skil í fjölríti Hafrannsóknarstofnunar frá árinu 2008. http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit_136.pdf.

Þar eru rakin nokkur mjög alvarleg tilfelli í sjókvíaeldi þar sem laxar drápust í sjókvíum vegna sjávarkulda. Í ársbyrjun 2014 urðu mikil afföll í sjókví í Patreksfirði. Framkvæmd var neyðarslátrun vegna ástands í eldiskvínni sem vafalítið mátti rekja til veðurfars og kulda sjávarins á þessum tíma.

<http://www.mast.is/library/Sk%C3%BDrslur/Arsskyrsladyralaeknisfisksjukdoma2014.pdf>.

Ekki eru fyrir hendi hér á landi skýrar reglur um skyldu eldisfyrirtækja eða eftirlitsaðila til að veita opinberlega upplýsingar um alvarlega atburði eða áföll sem eiga sér stað í fiskeldi ef undan er skilin tilkynningarskylda um slysasleppingar.

MAST hefur ekki sinnt slíkri upplýsingagiöf með líkum hætti og t.d. þegar óæskileg tilvik í landbúnaði rata frá stofnuninni á síður fjölmiðla.

Leggja verður fyrir framkvæmdaraðila að fjalla með skilmerkilegri hætti í matsskýrslu um staðbundna umhverfisþætti sem áhrifavalda á velferð eldisdýra á svæðinu og framtíðarhorfur í ljósi spár um breytingar á veðurfari.

Samfélagsleg áhrif

Í fyrirliggjandi tillögu að matsáætlun er því slegið föstu að uppbygging á sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi muni hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Er boðuð nánari umfjöllun um þann þátt málsins í frummatsskýrslu. Landssamband veiðifélaga tekur undir mikilvægi þess að ítarlega sé fjallað um þennan þátt málsins. Forsenda þess að fyrirhuguð atvinnuuppbygging hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag er að traustur rekstrargrundvöllur sé fyrir starfseminni og fyrirtækin starfi í samkeppnishæfu umhverfi. Þetta á sérstaklega við ef uppbygging krefst mikilla fjárfestinga í innviðum smærri samfélaga.

Landssambandið telur því mikilvægt að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir rekstrargrundvelli sjókvíaeldis. Ársreikningar sjókvíaeldisfyrirtækja skulu birtir lögum samkvæmt þannig er auðvelt er að afla lykiltalna hjá þeim fyrirtækjum sem hafa verið í framleiðslu undanfarið.

Þá hefur saga sjókvíaeldis verið skráð sbr. fjölrít Hafrannsóknarstofnunar frá 2008 (Valdimar Ingi Gunnarsson) þannig má vega saman rekstrarárangur fyrirtækja sem hafa haft sjókvíaeldi með höndum, og eru annaðhvort í fullum rekstri nú eða voru það áður.

Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að gerð sé tilraun til að meta eldisárangur fyrirtækjanna t.d. með hliðsjón af því hversu mörg kíló laxi eru framleidd fyrir hvert útsett seiði í sjókvíar. Samanburður við Noreg og Færeyjar gefur glögga mynd af samkeppnisstöðu íslenskra sjókvíaeldisfyrirtækja, en þessar þjóðir munu vera að fá 4-4.5 kg. af framleiddum laxi eftir hvert útsett seiði.

Skaðabætur

Eins og fram kemur í forstögu málsins var það Hraðfrystihúsið Gunnvör Ísafirði sem var í upphafi skráður framkvæmdaraðili að 6.800 tonna sjókvíaeldi á laxi í Ísafjarðardjúpi í drögum að matsáætlun.

Í fyrirliggjandi tillögu er að finna yfirlýsingu um að einkahlutafélagið Háafell ehf. yfirtekur allar skuldbindingar HG vegna fiskeldisstarfseminnar „hverju nafni sem þær nefnast“

ásamt því að Háafell ehf. tekur yfir stöðu HG sem framkvæmdaraðili matsáætla. Þá er yfirlýsing um stuðning HG við flutning fiskeldisstarfsemi HG yfir í Háafell ehf.

HG er stöndugt útgerðarfélag með umtalsvert eigið fé. Háafell ehf. er hinsvegar nýstofnað félag með takmarkaða ábyrgð eiganda alls hlutfjár, sem er HG.

Í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 er að finna skaðabótaákvæði sem tekur til þess atviks ef sannað þykir að slysaslepping úr fiskeldisstöð og veldur tjóni á hagsmunum veiðiréttareigenda sbr. 18. gr. laganna. Ákvæðið er fortakslaust um að veiðiréttareigandi skal fá tjón sitt metið og bætt.

Landssamband veiðifélaga krefst þess að í matsskýrslu verði fjallað um hvernig Háafell ehf. hyggst tryggja að greiðslugeta sé fyrir hendi svo bætur fyrir tjón á veiðihagsmunum við Ísafjörð fái greiddar eins og áskilið er í gildandi lögum. Einnig er vísað til greiðslureglu umhverfisréttar.

Verður ekki annað séð en HG freisti þess að lágmarka áhættu fyrirtækisins af starfseminni en njóta ávinningsins, ef einhver verður, sem eigandi hlutfjárins.

Landssamband veiðifélaga telur að framangreint háttalag fyrirtækisins HG hljóti aðeins að vera til þess fallið að enn frekar verði gætt ýtrustu varúðar við áformum einkahlutafélagsins Háafells ehf., þar sem eigandi þess, HG, treystir fjármunum sínum og eignum ekki að veði fyrir mögulegum skaða af völdum starfseminnar.

Vernd laxastofna

Laxastofnar á Íslandi njóta sérstakrar verndar í íslenskri löggjöf. Mælt er fyrir um verndun íslenskra laxastofna með ýmsum hætti í gildandi lögum og reglugerðum. Í lögum nr. 61/2006 er að finna ströng ákvæði til verndar laxastofnum. Í markmiðsákvæði 1. gr. laganna er sérstaklega vikið að verndun þeirra. Í því sambandi vísast sérstaklega til skýringa og athugasemda með 1. gr. frumvarpsins og skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist á grundvelli Rio-sáttmálans sem Ísland er aðili að. Hið sama gildir um skyldur Íslands á grundvelli Bernarsáttmálans um vernd villtra dýra og plantna og vistgerða í Evrópu. Strangar reglur um meðferð og nýtingu laxastofna í veiðivötnum eru til marks um sterkan vilja löggjafans í þessum efnum. Það er enn fremur til marks um áherslur löggjafans á verndun laxastofna að í 9. gr. laga nr. 58/2006. um fiskrækt er að finna ákvæði sem bannar flutning laxfiska milli veiðivatna til sleppinga. Slíkt bann gildir einnig um flutning eldisfiskjar úr eldisstöð í veiðivatn. Samskonar ákvæði var að finna í eldri lögum um lax og silungsveiði frá 1970 og var nánar útfært í reglugerð 105/2000. Þá hníga markmiðsákvæði laga um fiskeldi nr. 71/2008 til sömu áttar.

Landssamband veiðifélaga telur að sjókvíaelði, þar sem 3- 4 milljónir laxa af norskum stofni eru að jafnaði haldin í umbúnaði sem ekki er nógu traustur til að tryggja að fullu varnir gegn slysasleppingum, jafngildi í raun að um seiðum eða löxum sé sleppt í hafið líkt og um hefðbundna hafbeit væri að ræða.

Slík starfsemi í Ísafjarðardjúpi er andstæð tilvitnuðum lögum hér að framan og alþjóðaskuldbindingum Íslands sökum nálægðar fyrirhugaðrar sjókvíaeldisstöðvar við heimkynni villtra laxastofna og hættu á eyðileggingu þeirra. Vísast til umfjöllunar um umhverfisslysið í Patreksfirði haustið 2013 og endurheimtu strokulaxa sumarið eftir í þessu sambandi.

Með auglýsingu landbúnaðarráðherra hinn 27. maí nr. 460/2004 voru friðunarsvæði ákveðin til verndar villtum laxastofnum.

Á auglýstum friðunarsvæðum er óheimilt að ala frjóan lax. Ísafjarðardjúp er utan skilgreindra friðunarsvæða ráðherra.

Landssamband veiðifélaga hefur ítrekað óskað eftir við ráðherra að svæðið verði friðað líkt og önnur hafsvæði í nágrenni laxveiðiáa vegna hinnar viðkvæmu stöðu þess.

Landssambandið leggur áherslu á að þótt Ísafjarðardjúp sé utan auglýstra friðunarsvæða þýðir það ekki að sjálfkrafa eigi að veita leyfi til að ala þar innfluttan norskan laxastofn sem er framandi stofn á þessu viðkvæma svæði.

Virðingarfyllst,



Jón Helgi Björnsson,
formaður LV

Fylgigögn:

Bréf LV til ráðherra um lokun Ísafjarðardjúps og Eyjafjarðar dagsett 24. mars 2015.

Kort LV um lokun eldissvæði.

Skipunarbréf nefndar dagsett 19. ágúst 1988.

Drög að reglum um dreifingu norskra laxastofna hér á landi dagsett 22. október 1988.

Álit Erfðanefnd Landbúnaðarins - bréf dagsett 14. mars 2014.

Minnisblað Veiðimálastofnunar um lokun Ísafjarðardjúps dagsett 25. nóvember 2014.



Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun vegna 6800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Fuglavernd gerir athugasemdir við þann þátt sem snýr að fuglarannsóknum. Þær fá afar lítinn sess í áætluninni. Vitnað er í frummatsskýrslu (kaflí 3.3.7), sem síðan er ekki einu sinni nefnd í heimildaskrá né slóð á hana. Æðarfugl er nefndur og hlunnindi tengd honum (kaflí 4.8) og enn er vitnað í umrædda hulduskýrslu.

Fuglalíf er afar fjölbreytt í Ísafjarðardjúpi. Þar eru þrjú Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) skv. skilgreiningu Alþjóða fuglaverndarsamtakanna *BirdLife International*: Vigur, Æðey og Borgarey. Æðey hefur verið lengi á skránni, en Vigur og Borgarey hafa nýlega verið skráðar (*BirdLife International* 2016).

Í eyjunum eru stórar sjófuglabbyggðir:

Æðey: æður um 10.000 pör, teista 500-600 pör, lundi 10.500 pör

Vigur: æður, kría, teista, lundi 30.000 pör

Borgarey: æður, lundi um 70.000 pör

Þess utan er fuglalíf í Djúpi mjög fjölskrúðugt og allir firðir fullir af fugli góðan hluta ársins. Nokkur arnarpör verpa þar, sem og fleiri sjaldgæfir fuglar.

Það er krafa okkar, að fuglum verði gert hærra undir höfði í matinu. Að rannsökuð verði hugsanleg áhrif laxeldis á fuglastofna í Ísafjarðardjúpi. Þetta á reyndar við um allt fiskeldi, sérstaklega í fremur lokuðum vistkerfum eins og á Vestfjörðum. Nú er verið að boða stækkun eldis í Arnarfirði og þarf jafnframt að rannsaka fuglalíf þar.

Stokkseyri 28. febrúar 2016

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður

Heimild

BirdLife International 2016.

<http://www.birdlife.org/datazone/sitesearchresults.php?reg=7&cty=98&sn=&fc=&cri=&fam=0&gen=0&spc=&cmn=&hab=&thr=&bir=&iid=N&mar=N&aze=N>

ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 892 1529 & 588 7690
Netfang: ottar@iec.is

Skipulagsstofnun,
Laugavegi 166,
105 Reykjavík.

27. febrúar 2016.

Sent á netfang:
skipulag@skipulag.is

Efni: Athugasemdir við tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Fyrir hönd eigenda Haffjarðarar í Hnappadal er ofangreindum fyrirætlunum um risalaxeldi með norskum erfðabreyttum laxastofni í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi alfarið mótmælt.

Þá er tillögu að matsáætlun um eldið mótmælt sem ótækri vegna margvislegra annmarka og rangfærslna. Í hana vantar fjölmörg atriði, sem fjalla verður um í matsáætlun. Einnig þar sem byggt er með viðtækum hætti á matsskýrslu fyrir framleiðslu á 6.800 tonnum á regnbogasilungi frá því í febrúar 2015, sem er alls óskyldur laxi sem eldistegund og með afar frábrugðin umhverfisáhrif í eðli sínu.

Aðrar helstu athugasemdir við tillögu að matsáætlun og fyrirætlanir framkvæmdaaðila fara hér á eftir.

1. Risalaxeldisáform bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum og í Eyjafirði með erfðabreyttum norskum laxastofni eru í dag mesta náttúruvá íslenskra laxastofna og laxveiðiaá um allt land, en í þessu máli hættulegust náttúruvá vatnsfalla sem í Ísafjarðardjúpi renna. Þetta gildir um áform framkvæmdaaðila samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu að matsáætlun. Nái laxeldið fram að ganga er innan örfárra ára nánast vissa fyrir eyðingu allra villtra laxastofna í þeim ám sem í Ísafjarðardjúpi renna.
2. Fyrirhugað risaeldi er andstætt markmiðsákvæði laga um fiskeldi nr. 71/2008 og varúðarreglu náttúruverndarlaga í 9. gr. 1. nr. 60/2013, sem og 2. gr. náttúruverndarlaganna um vernd liffræðilegrar fjölbreytni o.fl. Laxeldisáformin eru því óheimil að lögum. Um slíkt ber að fjalla ítarlega í matsáætlun.
3. Ekkert er í tillögunni að matsáætlun um samkomulag sem undirritað var 25. október 1988 af formanni Fiskeldis- og hafbeitarstöðva og veiðimálastjóra fyrir hönd Veiðimálastofnunar um að aldrei skyldi leyft að norskur lax væri notaður í sjókvíaeldi eða hafbeit og dreifingu hans skyldi takmarka við strandeldi.

Fjalla verður skilmerkilega um þennan samning í matsáætlun sem og um framandi laxeldisstofn í íslenskri náttúru.

4. Óverjandi er að heimila atvinnurekstur eins og risalaxeldi, sem setur í stórhættu hagsmunum, eignir og atvinnurekstur annarra manna, villta íslenska laxastofninn og milljarðaverðmæti laxveiðiáa landsins. Gera verður grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdar á náttúruna og atvinnurekstur og eignir annarra manna. Í matsáætlun verður að svara þessari spurningu:
Hvernig á að endurheimta villta íslenska laxastofninn og hver á að bæta tjón veiðiréttareigenda í laxveiðiám landsins, ef villta laxinum hefur verið spilt eða eytt með erfðamengun frá norskum erfðabreyttum eldislaxi – og eldisfyrirtækið er orðið gjaldþrota?
5. Ekki er heimilt að gefa út rekstrarleyfi eða starfsleyfi nema fyrir liggi burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar (mat á álagsþoli náttúrunnar) fyrir viðkomandi sjókvíaeldissvæði. Burðarþolsmat þarf að vera útlitað og rökstutt nákvæmlega í umhverfismatsskýrslu. Burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar liggur ekki fyrir. „Samþykki“ ráðuneytis skiptir engu í þessu sambandi.
6. Fjalla þarf nákvæmlega um umhverfisskilyrði og áhættugreiningu eldisins. Vestfirðir eru illa hæfir til laxeldis vegna sjávarkulda og lagnaðarishættu. Þar eru svokallaðar daggráður um 2000 á ári, en til að eldi sé vel samkeppnisfært þurfa daggráður helst að vera yfir 2400 á ári (sbr. hitastig sjávar í sunnarverðum Faxaflóa, Færeyjum og víðast í Noregi). Sjókvíaeldi við 2000 daggráður er varla samkeppnisfært við ódýrari eldisframleiðslu í Færeyjum og Noregi vegna lengri eldistíma sökum sjávarkulda. Reynslan sýnir, að þegar illa fer að ganga í fiskeldi minnkar hirðusemi, viðhald og eftirlit og meiri hætta verður á slysasleppingum.
7. Langadalsá og Hvannadalsá hafa sameiginlegan ós og heyra því saman varðandi skilgreiningu á ám sem taldar eru frá ósum og hliðarár eftir röð þeirra. Meðallaxveiði á vatnasviði Langadalsár og Hvannadalsár er yfir 500 laxar í veiði (Guðni Guðbergsson 2014). Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000 skal fjarlægð sjókvíaeldisstöðvar vera 15 km sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði sl. 10 ár. Staðsetning eldissvæðanna innst í Ísafjarðardjúpi (Biskupsvík og Hamar) sem eru í um 11 km fjarlægð frá þessum ám, er því þegar af þeirri ástæðu ólöglegt.
8. Ekki er fjallað með fullnægjandi hætti um sleppifiska og fyrirbyggjandi aðgerðir varðandi stroklaxa. Stundum kalla eldismenn vanmáttugar veiðitilraunir eftir sleppislys mótvægisaðgerðir (sbr. í Patreksfirði haustið 2013 þar sem þeir tilkynntu 200 laxa sleppingu, en breyttu þeirri tölu í 500, þegar 400 laxar höfðu veiðst á stöng innst í Patreksfirði). Ekkert er fjallað um eiginlegar mótvægisaðgerðir eftir t.d. slysasleppingar, enda eru nánast engar slíkar raunhæfar í framkvæmdinni.
9. Allir viðurkenna, að lax sleppur úr sjókvíum. Veiðimálastofnun álitur að gera megir að jafnaði ráð fyrir að a.m.k. 1 lax sleppi fyrir hvert tonn í eldi. Í Noregi var formlega tilkynnt um 244.000 stroklaxa árið 2015,

en hafrannsóknastofnun þar í landi álitur að raunverulegur fjöldi stroklaxa sé fjórum til fimm sinnum meiri en tilkynnt er um. Þannig hafi sloppið þar um 1 milljón laxa á ári á undanförunum árum. Yfir 100 laxveiðiár í Noregi eru ónýtar til stangveiði vegna eldislaxa og laxalúsar af þeirra völdum (lúsin drepur aðallega sjógönguseiðin, þegar þau ganga til sjávar). Vísað er til nýrrar skýrslu Náttúrurannsóknastofnunar Noregs (NINA) í febrúar 2016, þar sem erfðaefni 20.000 laxa úr fjölmörgum laxveiðiám var rannsakað. Í ljós kom að meira en 65% laxastofnanna sýndu meiri eða minni erfðabreytingar af völdum stroklaxa úr sjókvíaeldi. Aðeins 22% norskra laxveiðiáa eru lausar við erfðamengun frá eldislaxi.

10. Eðlilegt er að í matsáætlun sé fjallað um ábyrgðartryggingu vegna tjóns veiðiréttareigenda, sem þeir kunna að verða fyrir vegna strokfisks úr eldisstöð, og hugmyndir rekstraraðila, hvernig hann hugsar sér að umhverfistjón þriðja aðila verði bætt.
11. Ekkert er í tillögu að matsáætlun fjallað um skyldu rekstraraðila til að örmerkja 10% af sleppingu vegna allt að 100 þúsund seiða sleppingu, en að lágmarki 20 þúsund seiði við stærri sleppingar. Ekkert er heldur minnst á skyldu til merkingar a.m.k. 5000 laxa með útvortis merkjum. Sjá hér 3. tl. 4. gr. reglug. nr. 105/2000.
12. Ekkert er fjallað um gífurlegt magn úrgangs frá sjókvíaeldinu. Samkvæmt norskum heimildum er úrgangur í sjó frá 6.800 tonna eldi áætlaður eins og skuldfrárennsli frá 100.000 manna borg.
13. Ekkert er fjallað um það í drögunum, að skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi er sú skylda lögð á umsóknaraðila um rekstrarleyfi til fiskeldis, að umsókn fylgi m.a. áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, ásamt staðfestingu um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins og rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferil eldis, öflun hroga og seiða. Miðað við 6.800 tonna eldi er kostnaður við 3 millj. seiða, 8.200 tonn af fóðri, vinnulaun starfsmanna, kaup og rekstur á eldiskvíum og tilheyrandi búnaði og þjónustuskipum auk annars rekstrarkostnaðar varla undir 6-7 milljörðum króna. Í árslok 2014 var Háafell ehf. eignalaust með neikvætt eigið fé kr. 473 þús. Ekki bætir fjárhagsstöðu Háafells ehf. yfirlýsing á fylgiskjali 2 með tillögu að matsáætlun, þar sem Hraðfrystihús Gunnvarar hf., sem áður rak 6.800 tonna regnbogasilungseldi í Ísafjarðardjúpi, lætur dótturfélag sitt, Háafell ehf. yfirtaka „allar ábyrgðir og skuldbindingar HG hf. vegna fiskeldisstarfsemi HG hf., hverjar sem þær nefnast“.
14. Einhverjar hættulegustu afleiðingar sjókvíaeldis með norskum erfðabreyttum laxi er erfðamengun sem hlýst af óhjákvæmilegum stroklöxum. Um slíkt þarf matsskýrsla að fjalla ýtarlega. Um þetta alvarlega mál fjallar eftirfarandi pistill frá Veiðimálastofnun: „Áhrif laxeldis á náttúrulega stofna laxfiska geta verið af marvislegum toga, en alvarlegust eru áhrif vegna erfðablöndunar og laxalúsar. Áhrif laxeldis geta stuðlað að hnignun náttúrulegra stofna laxfiska og ógnað líffræðilegum fjölbreytileika. Möguleg áhrif laxeldis eru almennt viðurkennd af fræðimönnum og samtökum eldismanna á alþjóðavattvangi. Erfðarannsóknir sýna að íslenskir laxastofnar eru

talsvert frábrugðnir öðrum laxastofnum og bendir það til að þeir hafi þróast einangraðir frá öðrum stofnum, líklega frá lokum síðustu ísaldar. Norski eldislaxinn sem notaður er í eldi hér á landi er framandi stofn og því er möguleg erfðablöndun stroklax við íslenska stofna sérstakt áhyggjuefni. Erfðablöndunin getur valdið varanlegum og óafturkræfum breytingum á erfðasamsetningu íslenskra stofna og þar með spilt liffræðilegum og efnahagslegum verðmætum.

Mögulegt áhrifasvæði laxeldis vegna erfðablöndunar er líklega ekki bundið við laxastofna í næsta nágrenni við eldissvæði. Í norskri rannsókn var sýnt að stór hluti endurheimta á eldislaxi, sem sleppt var úr eldi sem unglax, kom fram í vatnsföllum í hundrað eða nokkurra hundraða kílómetra fjarlægð frá sleppistað. Ekki má gleyma því að um þriðju tilraun til uppbyggingar fiskeldis er að ræða og mikið fjárhagslegt tap varð á fyrri tilraunum. Þrátt fyrir stutta reynslu laxeldis í Suðurfjörðum Vestfjarða hafa komið fram vandamál varðandi laxalús og sleppingar kynþroska laxa.“
(Veðimálastofnun, Sigurður Guðjónsson, 2014).

15. Loks er gerð athugasemd við þau vinnubrögð í tillögu að matsáætlun, að flestum framkomnum athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun er látið ósvarað, en vísað til síðari umfjöllunar framkvæmdaaðila í frummatsskýrslu.

f.h. eigenda Haffjarðarár


Óttar Yngvason

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 27. 2. 2016

EFNI: Aðfinnslur við tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

INNGANGUR

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna, mótmælir harðlega öllum áformum um lax-eða regnbogasilungsemi í sjó í Ísafjarðardjúpi. Djúpið er takmarkað svæði, eiginlega langur flói með mörgum smáfjörðum. Lífríki þess er afar fjölbreytt og að mörgu leyti sérstakt en jafnframt mjög viðkvæmt. Fiskisæld er viðbrugðið enda var Djúpið hér áður fyrr nefnt Gullkistan. Hæfileg nýting eins og verið hefur frá alda öðli tryggir sjálfbærann og eðlilegan viðgang.

Breytingar á notkun svæðisins svo sem með sjókvíeldi á kynbættum laxi af framandi uppruna mun hafa áhrif á náttúrulegt jafnvægi í vistkerfinu, gjörbreyta samsetningu þess og spilla því með grútar- og saurmengun, skaðlegum sníkjudýrum og öðrum neikvæðum áhrifum. Þetta mun hafa afgerandi áhrif á allt lífríki Ísafjarðardjúps, smádýr, fuglalíf, fiska og skeldýr (m.a. rækju og krækling) og á fáeinum árum tortíma laxa- og silungsstofnum í ám sem í það falla.

Hætta er á að fiskeldi myndi líka bitna á samfélagsþróuninni, skaða t.d. ferðaþjónustu og þekkingariðnað og þá hreinu og ósnortnu ímynd sem enn er einkennandi fyrir Vestfirði. Því eru líkur á að efnahagsleg velferð til lengri tíma litið skaðist.

Laxeldi í sjókvíum er fyrst og fremst mengandi láglaunaiðnaður og hætt við að burðarstólpar fjárfesta í t.d. ferðaþjónustu muni fyrr eða síðar forðast landshlutann. Ímynd matvælaframleiðslunnar vegur þungt og laxeldi með gamalli og úreltri norskri tækni og þekkingu er nú á útleið.

Matvælaframleiðsla sem nær hámarksgæðum og arðsemi byggist á hreinleika, háum gæðakröfum og jákvæðu orðspori. Þess vegna er laxeldi í sjó alfarið hafnað af stjórnvöldum sjávarútvegsríkis eins og Alaska, gagnert til að vernda ímynd fiskveiða og fiskafurða þar í landi.

Þó að fiskeldi á Vestfjörðum sé ekki beinlínis bannað er afar óskynsamlegt og áhættusamt að opna svæðið öllum sem stunda vilja fiskeldi. Veitt hafa verið leyfi til sjókvíeldis á laxi og regnbogasilungi og eldi er nú þegar hafið í Pareksfirði, Tálknafirði, Arnarfirði, Dýrafirði og Ísafirði. Þeim leyfum hefur verið úthlutað á vægast sagt veikum forsendum með tilliti til náttúrunnar.

Ennþá vantar landnýtingaráætlanir og burðarþolsmat á fjörðum m.t.t. fiskeldis. Þá hefur ekki verið komið á fót nauðsynlegu eftirliti með starfsemi fiskeldis byggðu á vísindalegum grunni.

Við vísum hér í greinargóða umsögn Veiðimálastofnunar um frummatsskýrslu Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. um eldi á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi:

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1072/Fylgiskjal%201.8%20Vei%C3%B0im%C3%A1lastofnun.pdf>

FUGLALÍF

Mikið og fjölbreytt en jafnframt viðkvæmt fuglalíf þrífst í Ísafjarðardjúpi og stutt er í heimsins fjölsetnustu fuglabjörg. Áhrif fyrirhugaðs fiskeldis á fuglalíf hefur ekkert verið rannsakað, t.d. neikvæð áhrif grútar- og saurmengunar, óæskilegra sníkjudýra og líklegra breytinga á smádýralífi og botngróðri; jafnframt þarf að gera efna- og eðlisfræðigreiningar á svæðinu.

Meðfylgjandi myndir voru teknar sumarið 2015 yfir eitt stærsta æðarvarp á Íslandi, sem er á Mýrum í Dýrafirði. Þarna má sjá lýsisbrækju og saurmengun frá fiskeldiskvíum stefna að æðarvarpinu. Eitt það versta sem komið getur fyrir fugla er að lenda í grútarmengun. Það þarf ekki mikinn grút til að draga fullorðna fugla jafnt sem unga til dauða. Sjá fskj 2 og 3.

Á Vestfjörðum er æðarfugl og æðarrækt í flestum fjörðum og því ástæða til að óttast áhrif fiskeldisins sem þar er verið að heimila umfram öll skynsamleg mörk. Í Ísafjarðardjúpi hefur verið æðarvarp frá alda öðli og menn haft viðurværi sitt af því. Nægir að nefna örnefnið Æðey. Einnig er varp í Vigur og Borgarey og víðar. Vigur er mjög nærri fyrirhuguðu eldissvæði, svokölluðu árgangasvæði 1 í Skötufirði, og Borgarey er einnig nærri árgangasvæði 3 utan við mynni Vatnsfjarðar.

Það er ámælisvert að ekkert virðist hafa verið hugað að hagsmunum eigenda sjávarjarða. Þeir sjá strax hvernig saur og annar úrgangur kemur til með að breiða úr sér eftir allri strandlengjunni eins og sjá má á myndum í viðhengi. Fyrirhugað laxeldi mun einnig stórskaða ímynd og aðstöðu til strandveiða og annarrar vistvænnar nýtingar. Bent er á stjórnarskrárvarinn rétt þessara landeigenda, sbr einnig Jónsbókarlögin frá 1281 og netalög sem lögleidd voru 1849. Þau eignarréttarákvæði standa enn sem ein af grundvallarréttindum borgara í landinu.

Hvað fuglalíf áhrærir hefur NASF kallað eftir að óháðir sérfræðingar semji ítarlega skýrslu um fuglalífið í Ísafjarðardjúpi, þar sem lýst er einkennum þess, búsvæði flokkuð og lagt mat á hugsanleg áhrif af fiskeldi í Djúpinu.

GJALDÞROT OG BREYTTAR FORSENDUR

Gerð er athugasemd við og því mótmælt að Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. (HG) sem rekið hefur sjókvíaeldi á þorski og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi og þegar sótt um aukningu á eldi regnbogasilungs fái að fela dótturfélagi sínu, Háafelli ehf, fyrirtæki með lítið eigið fé, fiskeldisstarfsemina. Þar sem Háafell hyggst breyta um eldistegund ber að líta á fyrirhugað eldi skv. ofangreindum drögum sem nýtt eldi frá nýjum rekstaraðila, þar sem eldri leyfi eru bundin öðrum leyfishafa.

Því er mótmælt að HG velti þannig ábyrgð sinni yfir á íslenska skattgreiðendur sem nú þegar hafa lagt í mikinn framkvæmdakostnað og tapað tugum milljarða á ævintýrum fiskeldismanna. Ríkissjóður hefur í gegnum tíðina tapað háum fjárhæðum vegna gjaldþrots fiskeldisstöðva, og af þeim 18 fyrirtækjum sem ábyrgðadeildin ábyrgðist voru 16 lýst gjaldþrota (sjá Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra og lög nr. 17/1990).

Í tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf er vísað í frummatsskýrslu og matsskýrslu HG vegna fyrirhugaðs eldis á regnbogasilungi og þorski þar sem segir: „Þar sem erfiðlega hefur gengið að fá heimild til að vera með eldi laxfiska í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi hefur verið tekin ákvörðun um að sækja fyrst um leyfi til eldis á regnbogasilungi. Þegar leyfi til eldis regnbogasilungs liggur fyrir mun verða sótt um leyfi til laxeldis í sjókvíum á Ísafjarðardjúpi.“ Nú ber svo við eins og fyrr segir að það er ekki HG sem sækir um leyfið heldur er búið að flytja alla fiskeldisstarfssemi HG til Háafells. HG var með 2.000 tonna starfs- og rekstrarleyfi til þorskeldis en fékk því breytt til bráðabirgða í framleiðslu á þorski og regnbogasilungi. Nú á að fara í laxeldi skv. matsáætlun til að auka arðsemi fiskeldisstarfssemi félagsins í staðinn fyrir að framleiða regnbogasilung. Frá því HG hóf þorskeldi sitt til dagsins í dag hafa þessar breytingar á fiskeldishugmyndum HG átt sér stað í grófum dráttum:

Fyrirtæki	þorskur	lax	regnbogi
HG	2000		
HG	1600		400
HG	200		6800
Háafell	200	6800	

Í matsáætlun er gert ráð fyrir þorskeldi í Álftafirði, 6.800 tonna laxeldi á Kofradýpi, í Skötufirði, Mjóafirði, Ísafirði, út af Bæjarhlíð og Kaldalóni. Í örfárra kílómetra fjarlægð frá fyrirhuguðum laxeldiskvíum eru lax- og silungsár, t.d. Laugardalsá, Langadalsá, Hvannadalsá, Hafnardalsá, Múlaá, Selá, Dalsá og áfram mætti telja, auk æðarvarpa í Vigur, Æðey, Borgarey og víðar. Þá eru ótalin hin gjöfulu rækju- og fiskimið í Djúpinu en reynsla annarra þjóða er sú að skelfiskveiði hrakar fljótt í námunda við stórfellt fiskeldi. Hér á landi hefur aukinn styrkur þrávirkra efna mælst í kræklingi í Mjóafirði eystra og var sú aukning rakin til fiskeldis í firðinum, eins og fram kom í rannsókn Berglindar Óskar Alfreðsdóttur sem segir þetta um hækkunina á PAH-efnum í kræklingnum: „Líklega má rekja hækkunina í Mjóafirði til aukinna umsvifa í firðinum í tengslum við fiskeldi.“ sbr. <http://skemman.is/item/view/1946/19893>. Öllum þessum náttúrugæðum og auðlindum í Ísafjarðardjúpi á nú að fórna fyrir mengandi og áhættusamt laxeldi.

BURÐARÞOLSMAT

Gerð er krafa um að ráðist verði í vandað burðarþolsmat í Ísafjarðardjúpi og innfjörðum þess, sem hægt er að bera undir óháða sérfræðinga til umsagnar vegna þessa fyrirhugaða eldis á allt að 6.800 tonnum af laxi af norskum uppruna. Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 71/2008 eins og hún er nú (eftir breytingar sem tóku gildi 1. janúar

2015) segir: „Matvælastofnun skal hafna útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis sem felur í sér meiri framleiðslu en viðkomandi sjókvíaeldissvæði þolir samkvæmt burðarþolsmati. Burðarþolsmat skal framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar.“ Til þessa dags hefur hvorki Hafrannsóknarstofnun né nokkur önnur stofnun á Íslandi sýnt fram á að hún hafi burði til að fullgera viðunandi mat af því tagi sem lögin kveða á um. Hinn 26. febrúar 2001 fórum við fram á við landbúnaðarráðuneytið að slíkt mat yrði framkvæmt. Þegar slíkt mat liggur fyrir verður fyrst hægt að skilgreina sjókvíaeldissvæði, afmarka viðmiðunarsvæði, leggja mat á hættur fyrir vistkerfið, m.a. af völdum sjúkdóma, og aðra öryggisþætti.

Gerð er sú krafa til umsækjenda um fiskeldisleyfi og til Skipulagsstofnunar að fresta umsóknarferli fiskeldis í sjó á Íslandi þar til viðurkennt burðarþolsmat liggur fyrir.

SLYASLEPPINGAR ÓHJÁKVÆMILEGAR

Í lögum um fiskeldi nr.71/2008 er fjallað um að lögin eigi að tryggja verndun villtra nytjastofna og að leitast eigi við að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra. Reynsla bæði hér heima og t.d. í Noregi sýnir að eldisfiskur sleppur ávallt úr kvíum og hefur slíkt eldi nú þegar gjörspillt villtri náttúru í nágrannalöndum okkar. Í Noregi hefur laxeldið valdið ómældu tjóni, og yfir 100 veiðiár eru ónothæfar til stangveiði, aðallega vegna neikvæðra áhrifa frá laxeldi sjúkdóma, laxalúsar og erfðamengunar eins og sjá má í skýrslu frá Vísindaráði Noregs. Ekki verður annað séð en að slík verði og raunin hér á landi.

Villtum laxastofnum er veruleg hættu búin af sjókvíaeldi á laxi. Það brýtur því í bága við 2. gr. náttúruverndarlaga þar sem fjallað er um að viðhalda fjölbreytni vistgerða, að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo virkni þeirra sé tryggð til framtíðar, og að varðveita tegundir og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra. Í matsáætluninni er gert ráð fyrir að notaður verði kynbættur norskur laxastofn. Margar lax- og silungsár eru í næsta nágranni við fyrirhugaðar eldiskvíar og er villtum stofnum þessara áa alvarleg hættu búin af stroklöxum, m.a. vegna erfðamengunar.

Margoft hefur verið bent á að þegar eldislax sleppur úr kvíum vegna slysnis skaðar það villta laxastofna meðal annars vegna erfðablöndunar og sjúkdómahættu. Hægt er að benda á margar skýrslur og rannsóknir því til stuðnings, m.a. skýrslu [Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna](http://www.fao.org/3/a-aj272e.pdf) (FAO). <http://www.fao.org/3/a-aj272e.pdf>

Í apríl 2013 birtist grein eftir norsku vísindamennina Arne J. Jensen, Sten Karlsson, Peder Fiske, Lars Petter Hansen, Kjetil Hindar og Gunnel M. Östborg sem staðfesti verulegt magn af eldislaxi við Spitsbergen um 900 km frá nyrstu laxveiðiám Noregs. Í rannsókninni voru 138 laxar veiddir í lagnet í Aðventufirði nálægt Longyearbyen á árunum 2008 til 2010. Af þessum 138 löxum voru 11 laxar úrskurðaðir úr eldi samkvæmt hreisturlestri og erfðafræðirannsókn. Því má fullyrða að um 8 % allra laxa á þessu svæði hafi sloppið úr eldiskvíum.

Í rannsókninni kom fram að allir eldislaxarnir höfðu sloppið úr kvíunum fljótlega eftir að hafa verið settir í þær, þ.e. sem gönguseiði eða unglax á árunum 2007 til 2009 og voru því undir 250 grömmum að þyngd þegar þeir sluppu. Allir eldislaxarnir höfðu dvalið einn vetur í hafi og voru á bilinu 2,1 til 4,1 kg að þyngd. Þeir voru ekki orðnir kynþroska og talið er að þeir hefðu allir dvalið a.m.k. eitt ár til viðbótar í sjó, ef þeir hefðu ekki veiðst.

Mjög gott samræmi var á milli þeirra niðurstaðna sem fengust við lestur á hreistri og því sem kom í ljós með erfðafræðirannsóknunum. Því þykir ljóst að allir þeir laxar sem greindir voru af fiskeldisuppruna hafi sloppið úr kvíum en tilheyri ekki hópum sem sleppt hafi verið í fiskræktartilgangi vegna stangaveiði.

Athygli vekur að samkvæmt opinberum skýrslum í Noregi (Fiskeridirektoratet) sleppa flestir laxar úr kvíum eftir að þeir ná 1 kg þyngd en laxarnir í þessari rannsókn höfðu allir verið undir 250 grömmum. Samkvæmt norskum rannsóknum er talið að laxar sem sleppa að vori sem gönguseiði eða unglax eigi meiri lífslíkur og meiri möguleika til að snúa aftur á svæðið þar sem þeir sluppu út. Laxar sem sleppi eftir lengra eldi eigi sér hins vegar minni lífslíkur og hafi dreift sér meira tilviljanakennt þegar þeir endurheimtast jafnvel á grunnslóð. Í samræmi við þetta ættu þeir eldislaxar sem finnast á hafssvæðinu við Spitsbergen að hafa góðar lífslíkur og ættu að skila sér nærri sínum heimahögum þegar þeir verða kynþroska.

Meginniðurstaða höfunda var sú að eldislaxar í rannsókninni (8% af fjölda) eigi sameiginlegt uppeldissvæði með náttúrulegum laxi við Svalbarða og keppi þar um fæðu í sjónum.

<http://www.int-res.com/abstracts/aei/v3/n3/p223-229/>

LAXALÚS

Sagt er að laxalús sé ekki vandamál í sjókvíaeldi hér á landi, og að eldisfiskur sé laus við lyfjanotkun enda sé notkun lyfja og annarra efna stranglega bönnuð í íslensku fiskeldi. Í þeim undantekningartilfellum sem meðhöndla þarf eldisfisk er slíkt einungis gert í kjölfar sjúkdómsgreiningar og undir handleiðslu dýralækna sem fást við fisksjúkdóma hjá MAST.

Ekkert eftirlit eða rannsóknir á laxalús hafa farið fram hér á landi. Enda þótt laxalús hafi ekki valdið tilfinnanlegum skaða hingað til er ljóst að með vaxandi laxeldi og stækkun eldiskvía, verður laxalús mikið vandamál eins og annars staðar þar sem fiskeldi er stundað í stórum stíl. Þéttleiki lúsarinnar verður þeim mun meiri eftir því sem eldiskvíarnar eru stærri og fjöldi fiskanna meiri en í náttúrulegu umhverfi og lýsnar verða því stórskaðlegar villtum fiskstofnum í nágrenninu, einkum með því að leggjast á niðurgönguseiði og drepa þau. Þá eru ótaldir sjúkdómar sem geta magnast upp og smitast út í umhverfið frá fjölliðuðum eldiskvíum. Laxa-, bleikju- og sjóbirtingsstofnar munu verða fyrir barðinu á lúsinni og mikil hætta er á að lúsafaraldrar valdi stórfelldum skaða á þessum fisktegundum.

Úrræðin sem tiltæk eru til að halda lúsinni niðri eru notkun eiturefna sem hafa mikil neikvæð umhverfisáhrif. Í þessu sambandi má nefna að notkun þessara efna getur

eyðilagt rækjuveiðisvæði í fjörðum og haft eyðileggjandi áhrif á ýmsa nytjastofna. Hafa skal í huga að í Ísafjarðardjúpi eru afar gjöful rækjumið.

Sjá meðfylgjandi skýrslu frá Háskólanum í Björgvin. Fskj 1

Norska hafrannsóknastofnunin fylgist með smítalagi á villta stofna laxfiska og sér á hverju ári fjölda svæða þar sem lúsin ræðst á villtan fisk og dregur hann til dauða. Þetta er talin ein helsta ástæða þess að göngulaxi í norskar ár hefur fækkað um á að giska helming undanfarinn aldarfjórðung og að sjóbirtingurinn er í útrýmingarhættu. Sama þróun verður óhjákvæmilega hér á landi ef laxeldi í opnum sjókvíum verður aukið eins og ráðgert er.

Áhrif lúsarinnar eru ítrekuð í skýrslu norsku ríkisendurskoðunarinnar um áhrif fiskeldis á villta náttúru í Noregi:

<https://www.riksrevisjonen.no/en/Reports/Pages/aquaculture.aspx>

Á vegum ríkisstjórnar Noregs voru haldnir neyðarfundir um hvað mætti gera til að vinna bug á lúsavandamálinu en ekki hefur tekist að finna neinar leiðir til úrbóta, sbr. hér:

<http://www.bt.no/nyheter/okonomi/Krisemote-om-lakselus-3233677.html>

Staðreyndin er sú að laxalúsin er mikið vandamál í laxeldi í Noregi og víðar og hefur baráttan við hana kostað óhemju fé og er m.a. ástæða þess að eitt stærsta laxeldisfyrirtæki í heimi, Marine Harvest, er að færa sig yfir í framleiðslu eldislax í lokuðum sjókvíum. Einnig hafa verið þróaðar arðbærar og öruggar leiðir til að ala laxfiska í lokuðum kerum á þurru landi. Tilgangurinn er reyndar margþættur, að koma í veg fyrir slyssleppingar, laxalús og mengun á hafsbótnei. Norðmenn hafa loks viðurkennt vandamálin samfara laxeldi í opnum sjókvíum, kostnaðinn við að reyna að halda þeim í skefjum og tjónið sem þau hafa valdið beint og óbeint í ám og fjörðum.

Hér má sjá umfjöllun um þá eggjala lausn sem er á borðum Marine Harvest:

<http://e24.no/naeringsliv/marine-harvest/dette-egget-kan-revolusjonere-norsk-lakseoppdrett/23615684>

REYNSLAN FRÁ NOREGI – VÍTI TIL VARNADAR

Þann 9.-10. febrúar sl. var haldin í Alta, í Noregi, ráðstefna um framtíð Atlantshafslaxins í norskum ám. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Alta wild salmon conference“ og var tilefnið alvarleg fækkun náttúrulegra laxa í Noregi.

Eva B. Thorstad frá Laxarannsóknastofnun Noregs (NINA) flutti erindi um ástand laxastofna í Noregi, sem sýndi að ástand helstu laxveiðiáa í Noregi er mjög slæmt, þegar það er skoðað með tilliti til erfðablöndunar við eldisfisk, magns hrygningarlaxa og mögulegs nýtingarhlutfalls í veiði. Þannig eru aðeins um fimmtungur (22%) norsku laxveiðiáanna í viðunandi ástandi.

<http://www.vitenskapsradet.no/>

Dr. Trygve T. Poppe, prófessor við dýralæknaháskólann dró upp dökka mynd af ástandinu og lagði til meiri háttar breytingar á fyrirkomulagi fiskeldis í Noregi. Hann taldi að stangveiðar á laxi gætu liðið undir lok innan fimm ára ef ekkert yrði að gert.

Kjetil Hindar frá Laxarannsóknastofnun Noregs (NINA), sem er einn færasti erfðafræðingur á sviði laxfiska, flutti erindi og lagði í því mat á stöðu náttúrulegra laxastofna með tilliti til erfðablöndunar við eldislaxa, verndunar á erfðamengi stofna og þeirrar hættu sem fylgt getur kynbættum lífverum. Í erindinu kom fram að 65% af öllum laxveiðiám í Noregi hefðu orðið fyrir erfðablöndun og í 20% ána var um alvarlegan skaða að ræða. Í þessu sambandi er rétt að greina frá því að samkvæmt gögnum fiskeldisfyrirtækja sleppa árlega út um 380 þúsund eldislaxar en ýmsir vísindamenn, veiðiréttareigendur og náttúruverndarfólk telur að þessi tala sé nær einni milljón eldislaxa.

Jens Olav Flekke, sem er formaður NASF Norway, Redd Villaksen, benti á að framleiðsla á 1,2 milljón tonnum af laxi í norskum fjörðum hefði valdið því að nú væri ekkert ráðið við áhrif slyasleppinga og laxalúsar á náttúrulega laxa- og sjóbirtingsstofna. Þar sem notkun lyfja og lúsaeiturs væri óhófleg, hefði lúsin byggt upp þol gegn efnunum og menn væru því ráðþrota. Hann taldi mikið misræmi í opinberum tölum um slyasleppingar og þeim sem koma fram í tölum fiskeldisfyrirtækja og samtaka þeirra. Því væri nauðsynlegt að merkja alla eldislaxa til að geta rakið uppruna slyasleppinga.

Það er jákvætt að Norðmenn skuli nú loks hafa viðurkennt þann skaða sem stórfellt fiskeldi í opnum sjókvíum hefur valdið þar í landi. Engin ástæða er til að ætla annað en að sama þróun myndi ganga yfir hér ef íslenskum fyrirtækjum yrði heimilað að fara sömu leið og Norðmenn völdu sér fyrir nokkrum áratugum – og hefur valdið þeim óbætanlegum umhverfisslysum eins og að ofan greinir.

NIÐURSTAÐA


Loks er rétt að gera athugasemd við vinnubrögð að þessari tillögu að matsgjörð. Í hana vantar fjölmargar lögboðnar grunnupplýsingar og alltof mörgum spurningum er ósvarað. Svo virðist sem reynt sé að varpa vinnu við öflun slíkra gagna yfir á þá fjölmörgu einstaklinga og hópa sem eiga hagsmuna að gæta. Eignum manna og möguleikum til atvinnurekstrar er stefnt í stórhættu og þeim er gert að leita gagna og svara alls kyns spurningum á nokkrum dögum - til að auðvelda öðrum að setja upp starfsemi sem skaðar hagsmuni þeirra sjálfra. Sem dæmi um það sem ætti að liggja fyrir nú þegar má nefna upplýsingar um ábyrgðartryggingar, lögbundna örmerkingu seiða, átak sem þarf að gera vegna saurúrgangs frá eldisfiskinum, fjarlægðarmælingar, stefnu umsækjenda í upplýsingagjöf og margt fleira. Við viljum því vekja máls á þeim möguleika að Skipulagsstofnun íhugi að vísa þessari áætlun Háafells ehf frá í heild sinni og krefjast þess að betri gögn verði lögð fram áður en þetta ferli heldur lengra áfram.

Fyrir liggur að laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi stefnir villtum laxfiskastofnum í heilbrigðu lífríki og vistkerfi í mikla hættu. Um er að ræða áhættusama starfsemi í víðasta skilningi og er henni hér með harðlega mótmælt. Við ítrekum þá

grundvallarstaðreynd að enn liggur ekki fyrir lögboðið burðapolsmat á Ísafjarðardjúpi.

Við hvetjum Skipulagsstofnun til að gera ýtrustu kröfur í umhverfismati og láta náttúruna og laxveiðiárnar njóta vafans. Það meginsjónarmið er í góðu samræmi við hina alþjóðlegu varfærnisreglu sem íslensk stjórnvöld hafa gert að sinni í lögum um náttúruvernd. Þau umhverfisslys sem hafa hlotist af sambærilegri starfsemi í nágrannalöndum okkur ættu að vera okkur víti til varnaðar og hvetja okkur til að fara varlega, og leita frekar annarra og umhverfisvænni leiða í fiskeldi á Íslandi en þeirra sem þegar hafa gengið sér til húðar í öðrum löndum.

Virðingarfyllt



Orri Vigfússon, formaður NASF

Fskj 1: Mortality caused by de-licing agents on the non-target organisms chameleon shrimp (*Praunus flexuosus*) and grass prawns (*Palaemon elegans*) Kristine Ertnæs Brokke, University of Bergen

Fskj 2 og 3: Ljósmyndir frá Dýrafirði

NORTH ATLANTIC SALMON FUND,
Skiopholti 35, 105 Reykjavík, Iceland

Tel: + 354 568 6277 - Fax: +354 588 4758 - nasf@vortex.is

Reykjavík, 29. febrúar 2016

Skipulagsstofnun,
Laugavegi 166,
105 Reykjavík.

skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is

Efni: Athugasemdir eigenda Ármúla I og II við tillögu að matsáætlun vegna áformaðs 6.800 tonna laxeldis Háafells ehf. (Hraðfyrstihússins Gunnvarar hf.) í sjó í Ísafjarðardjúpi.

Með bréfi þessu gera eigendur Ármúla I og II í Strandabyggð athugasemdir og koma með ábendingar vegna matsáætlunar umhverfismats í tilefni af áformum í laxeldi í sjó á svæðinu. Ármúli I og II eru nyrstu bæir á Langadalsströnd og eiga meðal annars land að Selá þar sem hún rennur til sjávar og Mórillu í Kaldalóni, auk þess sem jörðinni tilheyrir mest allt land í Kaldalóni ásamt netlögum.

Sjóbleikja

Eins og áður hefur verið bent á í samskiptum við þá, sem standa að áformuðu laxeldi, er stór sjóbleikjustofn í Ísafjarðardjúpi, en fiskur úr þessum stofni veiðist meðal annars í Selá og Mórillu. Stofnstærð, útbreiðsla og ferðaleiðir þessa stofns hefur lítið sem ekkert verið rannsökuð. Til þess að geta metið umhverfisáhrif hins áformaða laxeldis á sjóbleikjustofninn er nauðsynlegt að rannsaka hann og taka svo til athugunar hver ætluð umhverfisáhrif verða. Þess er krafist að slíkar rannsóknir fari fram, enda getur mat á umhverfisáhrifum laxeldisins á þennan fiskistofn ekki verið metið, nema rannsókn á stofninum hafi farið fram. Eigendur Ármúla I og II munu fylgja því fast eftir að synjað verði um að fullburða mat hafi farið fram nema þessi rannsókn verði gerð.

Mengunarhætta í fjörum

Rannsókn á mengun fjöru og ósa Selár og Mórillu vegna áætlaðrar staðsetningar kvía undir Bæjarhlíð og út af Kaldalóni svo nálægt strandlengju. Nauðsynlegt er að slík rannsókn fari fram, enda ljóst að gríðarlegur úrgangur er vegna fódurs, sem fer til spillis og úrgangs frá fiski í eldiskvíum svo nálægt landi.

Sleppihætta, slysasleppingar og öryggisbúnaður í ljósi bágrar fjárhagsstöðu Háafells ehf. og móðurfélags

Þá þarf að rannsaka vel sleppihættu og hvaða ráðstafanir og öryggisbúnaður verði notaður til að takmarka sleppihættu og bregðast við slysasleppingum. Í því sambandi verður ekki framhjá því litið að Háafell ehf. er eignalítið félag og móðurfélagið Hraðfyrstihúsið Gunnvör ehf. er

gríðarlega skuldsett. Er því nauðsynlegt að tekið verði tillit til þess við mat á burðum Háafells ehf. til þess að sinna lögboðnum og nauðsynlegum öryggiskröfum.

Ímynd svæðis, ferðaþjónusta

Nauðsynlegt er einnig að rannsaka vel áhrif fiskeldisins á ímynd svæðisins, sem til þessa hefur verið talið eitt það minnst snortna og minnst mengaða á Íslandi, a.m.k. af svæðum við sjó sem almenningur á för um. Jafnframt þarf að meta áhrif svo mengandi starfsemi sem fiskeldi er á þá ferðaþjónustu, sem verið er að byggja upp á svæðinu.

Við áskiljum okkur allan rétt til þess að gera athugasemdir og leita réttar okkar hvenær sem er í matsferlinu.

Virðingarfyllst,
f.h. eigenda Ármúla I og II

Viðar Már Matthíasson

Fylgiskjal 2.11

Sæir Kristján og Valdimar,

Hér er ekki um athugasemd við tillögu Háafells ehf. og eins og þið vitið er mjög áfram um samstarf og uppbyggingu á eldisiðnaðinum á Vestfjörðum sem og finnst mér mjög skynsamlegt bæði út frá eldisumhverfi og markaðsaðstæðum að leggja áhersluna á laxeldið. Ætla frekar að benda á að ekki er á myndum né í kafla 4 vísað í leyfi Arctic Sea Farm hf. (kt. 700807-0450 nafnabreyting á síðasta ári en sama kennitala og Dýrfiskur hf.) en þar kemur þó skýrt fram í kafla 4.1. að betur verði gerð grein fyrir gögnum um fiskeldi í frummatsskýrslu.

Til frekari glöggvunar vísa ég í upplýsingar sem við sendum fyrir tveimur árum síðan en þær breytingar hafa þó verið á leyfum að Skötufarðarleyfi er á nafni Arctic Sea Farm (sjá meðfylgjandi) og einnig stækkun á starfsleyfi félagsins við Snæfjallaströnd í 4.000 tonn (sjá meðfylgjandi).

<*)>{ <*)>{

Kveðja,

Siggi P.

GSM 777 3123